

Byggðakönnun

Borgarhluti 3 – Hlíðar



Reykjavík 2013

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 163

Drífa Kristín Þrastardóttir
Anna Líska Guðmundsdóttir
Helga Maureen Gylfadóttir
Gunnþóra Guðmundsdóttir
María Gísladóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Byggðakönnun

Borgarhluti 3 – Hlíðar



Reykjavík 2013

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 163

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar vegna hverfisskipulagsvinnu.

Borgarhlutakort: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfræðingur – Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Líska Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir.

Mynd á forsiðu: Loftmynd frá 6. mars 1946. Séð yfir austurhluta Reykjavíkur. Hlíðarnar að byggjast upp. Miklabraut, Rauðarárstígur, Skógarhlíð, Eskihlíð, Langahlíð, Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð, Mjóahlíð, Reykjahlíð og Engihlíð. Klambratún, bærinn Klambrar og Norðurmýri. Bærinn Eskihlíð. Ljósmynd. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 32-41.

Minjasafn Reykjavíkur.

Reykjavík 2013.

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 6 |
| 1. Byggðakönnun | 8 |
| 1.1 Borgarhluti 3 – Hlíðar | 8 |
| 1.2 Saga byggðar | 9 |
| 1.2.1 Staðhættir og örnefni | 9 |
| 1.2.2 Í landi Rauðarár og Reykjavíkur | 10 |
| 1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags | 12 |
| 1.2.4 Hernámsárin | 25 |
| 1.2.5 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 3 | 27 |
| 2. Skráning menningarminja í borgarhluta 3 – Hlíðum | 44 |
| 2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja | 44 |
| 2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja | 47 |
| 2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur | 47 |
| 2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur | 48 |
| 2.3 Borgarhluti 3 – Hlíðar – Fornleifaskráning og varðveislumat fornleifa og yngri minja | 49 |
| 2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 3 | 50 |
| 2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 3 | 56 |
| 2.3.3 Herminjar í borgarhluta 3 | 58 |
| 2.3.4. Varðveislumat fornleifa og yngri minja | 65 |
| 2.4 Borgarhluti 3 – Hlíðar – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta | 66 |
| 2.4.1 Hlemmur. Snorrabraut, Hverfisgata, Rauðarárstígur og Laugavegur. | 71 |
| 2.4.2 Hlemmur. Njálsgata, Snorrabraut, Laugavegur og Rauðarárstígur. | 73 |
| 2.4.3 Norðurmýri. Auðarstræti, Gunnarsbraut, Bollagata, Hrefnugata, Skeggjagata, Mánagata, Vífilsgata, Karlagata og Njálsgata. | 75 |
| 2.4.4 Holt. Einholt, Skipholt, Nóatún, Háteigsvegur, Meðalholt, Valholt, Stórholt og Stangarholt. | 77 |

| | |
|--|-----|
| 2.4.5 Holt. Rauðarárstígur, Háteigsvegur, Einholt, Skipholt, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Laugavegur, Þverholt, Stórholt, Mjólnisholt, Stakkholt, Ásholt, Brautarholt, Stúfholt, Traðarholt og Bolholt. | 78 |
| 2.4.6 Holt. Nóatún, Háteigsvegur, Stakkahlíð, Bólstaðarhlíð, Skipholt, Vatnsholt og Hjálmholt. | 79 |
| 2.4.8 Klambratún. | 81 |
| 2.4.9 Hlíðar. Miklabraut, Stakkahlíð, Háahlíð, Bústaðavegur, Mjóahlíð, Engihlíð, Eskihlíð, Reykjahlíð, Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð, Blönduhlíð, Litlahlíð, Skógarhlíð, Hamrahlíð og Hörgshlíð. | 82 |
| 2.4.10 Hlíðar. Stakkahlíð, Miklabraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðavegur, Háahlíð, Hamrahlíð, Bogahlíð, Grænahlíð og Stigahlíð. | 84 |
| 2.4.11 Suðurhlíðar. Birkihlíð, Beykihlíð, Vesturhlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð, Lerkihlíð og Reynihlíð. | 85 |
| 2.4.12 Öskjuhlíð. | 86 |
| 2.4.16 Borgarhluti 3 Hlíðar - hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr. | 88 |
| Heimildaskrá | 89 |
| Myndaskrá | 95 |
| Viðauki 1 – Minjar í borgarhluta 3 | 100 |
| Viðauki 2 - Skýrslur í ritröð Minjasafns Reykjavíkur sem fjalla um svæði innan borgarhluta 3 – Hlíða | 104 |

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar í borgarhlutanum **Hlíðum** í Reykjavík en svæðið afmarkast til vesturs af Snorrabraut og Nauthólsvegi, til austurs af Kringlumýrarbraut, til suðurs af sjó (Fossvogi) og til norðurs af Hverfisgötu og Laugavegi austan Rauðarárstígs.

Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna gerðar hverfisskipulags á svæðinu. Ákvæði um hverfisskipulag er að finna í 37. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og þar segir:

*„Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**. Þegar unnið er að slíku **hverfisskipulagi** er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um **yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar** auk almennra rammaskilmála. Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag.“¹*

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.² Samkvæmt lögnum eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.³ Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“⁴

Minjasafn Reykjavíkur hefur um árabil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.⁵

Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda“⁶ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinnna þátta: *byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfis-*

¹ Skipulagslög 2010 – nr. 123 – 22. september, 8. kafli, 37. gr. Tóku gildi 1. janúar 2011.

² Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 7. kafli, 29. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁴ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 7. kafli, 30. gr. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁵ Sjá skýrslur Minjasafns Reykjavíkur. Vefur Minjasafns Reykjavíkur. Vefslóð: <http://www.minjasafnreykjavikur.is> → Útgáfa → Skýrslur.

⁶ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.husafnidun.is> → Leiðbeiningar → Húsakannanir → Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna → nálgast hér → Byggða- og húsakönnun, 6. október 2009. Sótt 18. september 2013.

gildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.⁷

HverfisSKIPULAG er sérstök útfærsla á deiliskipulagi og eins og kemur fram í skipulagslögum skal í því leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar. Þar sem hverfisSKIPULAG tekur til mun stærra svæðis en hefðbundið deiliskipulag gerir og áhersla er á setningu rammaskilmála en ekki skilmála fyrir einstakar lóðir, þurfa húsakannanir við gerð hverfisSKIPULAGS að ríma við framsetningu þess.

Byggða- og húsakönnun fyrir hverfisSKIPULAG er skipt í áfanga sem samræmast áfangaskiptum í vinnu við hverfisSKIPULAG. Í þessum fyrsta áfanga er leitast við að gefa yfirlit yfir sögu hverfisins, lýsa staðháttum og greina frá upphafi og þróun byggðar. Gerð er grein fyrir byggðamynstri og menningarminjum; fornleifum og friðuðum og friðlýstum húsum og mannvirkjum. Þá er og gerð grein fyrir fornleifum í hverfinu og lögð fram fornleifaskrá.

Í þessum fyrri áfanga, byggðakönnun, er lagt fram varðveislumat fyrir hverfishluta, þar sem lagt er mat á varðveislugildi samstæðra heilda, húsa, götummynda og byggðamynsturs, sem er grunnur að tillögum að hverfisvernd í hverfisSKIPULAGI. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir að leggja fram húsaskrá og að hefðbundnar húsakannanir verði síðan unnar í áföngum jafnframt því sem eldri húsakannanir verði endurskoðaðar.

Varðveislumat byggðakönnunar fyrir hverfisSKIPULAG tekur til mats á yfirbragði byggðar. Þar eru greind helstu einkenni byggðarinnar og lagt mat á varðveislugildi heilda, svo sem götummynda og byggðamynsturs en ekki einstakra húsa. Þó er leitast við að benda á byggingar sem eru kennileiti í byggðinni, teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins tímabils, sem hafa haldið upprunaleika sínu eða eru gott höfundarverk. Ennfremur er bent á byggingar sem hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks eða sögu.

Nóvember 2013

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður

Minjasafni Reykjavíkur

⁷ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.husafridun.is> → Leiðbeiningar → Húsakannanir → Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna → nálgast hér → Byggða- og húsakönnun, 6. október 2009. Sótt 18. september 2013.

1. Byggðakönnun

1.1 Borgarhluti 3 – Hlíðar

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á borgarhluta 3 í Reykjavík. Úttektin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs í samræmi við skipulagslög vegna gerðar hverfis-skipulags í borginni. Eitt meginmarkmið með gerð hverfisskipulags er að einfalda skipulags-gerð í þegar byggðum hverfum og um leið að auka samráð við borgarbúa um nánasta umhverfi þeirra. Í hverfisskipulagi felst einnig ákvarðanatáka og lögfestur rammi sem er grundvöllur fyrir byggingarleyfisumsókn.

Borgarhlutinn Hlíðar afmarkast til vesturs af Snorrabraut og Nauthólsvegi. Til austurs afmarkast svæðið af Kringlumýrarbraut. Til suðurs afmarkast svæðið af sjó (Fossvogi). Til norðurs afmarkast svæðið af Hverfisgötu og Laugavegi austan Rauðarárstígs.

Borgarhlutinn **Hlíðar** skiptist í minni hverfishluta sem fela mestmegnis í sér blandaða íbúðabyggð og eiga hverfishlutarnir það sameiginlegt að yfirbragð byggðar er mjög heildstætt. Til hverfisins teljast hverfishlutarnir *Norðurmýri*, *Hlíðar*, *Hlemmur*, *Holt*, *Suðurhlíðar*, *Öskjuhlíð* og *Nauthólsvík*. Íbúðabyggðin er að mestu fastmótaðu en í jaðri borgarhlutans, næst Laugavegi og við flugvöllinn, eru nokkur svæði sem mögulegt er að endurskipuleggja og þróa.⁸



Mynd 1. Á Klambratúni veturinn 1957.⁹


⁸ *Borgarsýn*, 2. tbl. 2012, bls. 8.

⁹ Ljósmynd. Ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS 1 813.

1.2 Saga byggðar

1.2.1 Staðhættir og örnefni

Tvö holt setja svip sinn á svæðið sem hér er til umfjöllunar, annarsvegar *Rauðarárholt* og hinsvegar *Öskjuhlíð*. Holt þessi voru fyrrum umkringd mýrum. Á milli þeirra og til austurs lá *Kringlumýri* og vestan Rauðarárholt var *Norðurmýri*, en eldra heiti á henni er *Arnarhólmsmýri*. Svæðið milli Kringlumýrar og Norðurmýrar kallaðist *Breiðamýri*. Rauðará eða *Rauðarárlækur* rann í gegnum Norðurmýri og til sjávar í Rauðarárvík, þar sem samnefnt lögbýli stóð. Vestan Öskjuhlíðar voru *Seljamýri* og *Vatnsmýri* og í suðaustanverðri Öskjuhlíð var *Leynimýri*.¹⁰



Mynd 2. Örnefni á svæðinu sem nú fellur undir borgarhlutann Hlíðar.¹¹

¹⁰ Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 171-172 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, kort Karls Benediktssonar bls. 8-9.

¹¹ Kort unnið á kortagrunn Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Heimild um örnefni: Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar bls. 171-172.

Öskjuhlíð er grágrýtishæð, stórgrýtt og klettótt að vestan- og norðanverðu. Fyrir um 10.000 árum var Öskjuhlíð eyja og eru þar menjar um hæstu sjávarstöðu frá þeim tíma. Talið er að í upphafi byggðar og fram eftir öldum hafi hæðin verið gróin og birki vaxin.¹² Öskjuhlíð er friðlýst sem náttúruminjar.¹³

Til suðurs hallar Öskjuhlíð niður að sjó og þar taka við þverhníptir sjávarhamrar, *Fossvogsbakkar*. Bakkarnir eru setlög sem sýna sjávarstöðubreytingar í lok síðasta jökulskeiðs. Fossvogsbakkar eru friðlýstir sem náttúruvætti.¹⁴

1.2.2 Í landi Rauðarár og Reykjavíkur

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og svæðið sem hér er til umfjöllunar, borgarhluti 3, tilheyrði að mestu leyti tveimur jörðum, *Rauðará* og *Reykjavík*.

Nyrsti hluti svæðisins var innan landamerkja *Rauðarár*. Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum árið 1395 og tilheyrði hún þá Viðeyjarklaustri.¹⁵ Við siðaskipti komst hún í eigu Danakonungs. Suðurmörk jarðarinnar lágu í beinni línu frá svokallaðri Ámundaborg austan Rauðarárholt, vestur yfir holtið og niður í Rauðarárlæk í miðri Norðurmýri. Vesturmörkin fylgdu Rauðarárlæk til sjávar en að austanverðu réð Fúlutjarnarlækur nokkurn veginn merkjum.¹⁶

Árið 1835 var jörðin Rauðará lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkurkaupstaðar ásamt jörðunum Arnarhóli, Hlíðarhúsum og Seli. Árið 1885 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur jörðina Rauðará.¹⁷ Bú var rekið á Rauðará fram til 1960.¹⁸

Svæðið sunnan landamerkjálunnar sem lá í austur-vestur yfir Rauðarárholt, þ.e. suðurhluti Rauðarárholt og Norðurmýrar, Kringlumýri og Öskjuhlíð, tilheyrði jörðinni *Reykjavík* (Vík). Reykjavík var bújörð allt frá landnámi fram til þess að Innréttingarnar eignuðust jörðina 1752 og þéttbýli tók að myndast sem síðar þróaðist í kaupstaðinn Reykjavík. Landnámsjörðin Reykjavík var víðfeðm en talið er að þegar við upphaf byggðar hafi jörðin Laugarnes fljótlega afmarkað land Reykjavíkur til austurs og á 12. öld átti annað stórbýli, Nes við Seltjörn, land að vesturmörkum Reykjavíkurjarðarinnar. Reykjavík var í eigu bænda þar til snemma á 17. öld þegar jörðin var keypt undir konung. Um 1700 voru átta hjáleigur í landi Reykjavíkur. Árið 1752 samþykkti konungur að gefa hinum nýstofnuðu Innréttingum jörðina Reykjavík og lauk þar með ábúð á jörðinni en þorp myndaðist í staðinn í kringum starfsemi Innréttinganna. Árið 1786 öðlaðist Reykjavík kaupstaðaréttindi og varð

¹² Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 9 og 12.

¹³ Vefur Umhverfisstofnunar. Vefslóð: <http://www.ust.is> → Einstaklingar → Náttúra → Náttúruminjasrá → Suðvesturland. Sótt 18. september 2013.

¹⁴ Vefur Umhverfisstofnunar. Vefslóð: <http://www.ust.is> → Einstaklingar → Náttúra → Náttúruminjasrá → Suðvesturland. Sótt 18. september 2013.


¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 598.

¹⁶ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík: Miðstöð þjóðlífs*, bls. 298 og 304-305.

¹⁷ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 8 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 6 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“, *Reykjavík: Miðstöð þjóðlífs*, bls. 296.

¹⁸ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 7 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 3 og 4.

brátt aðalverslunarstaðurinn í þessum hluta landsins. Um sama leyti hófst flutningur stofnana og embætta til Reykjavíkur sem um miðja 19. öld festist í sessi sem höfuðstaður landsins. Árið 1835 var lögsagnarumdæmi Reykjavíkur fært út þannig að það takmarkaðist að vestan af úthaga Eiðis og Lambastaða, að sunnan af úthaga Skildinganes og að austan af Laugarneslandi. Þá voru lagðar undir það jarðirnar Örfirisey, Hlíðarhús, Ánanaust, Sel, Arnarhóll og Rauðará.¹⁹



Mynd 3. Kort sem sýnir jarðamörk lögbýla á svæðinu árið 1703.²⁰

¹⁹ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 14-18 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 7-11 – *Saga Reykjavíkur frá býli til borgar*. Sýningarskrá samnefndrar sýningar á Árbæjarsafni, bls. 4-11 – Nikulás Úlfar Mátsson: „Ágrip byggðarpróunar í Reykjavík“. *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, bls. 17-18 – Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri bindi, bls. 140.

²⁰ Kort unnið á kortagrunn Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

1.2.3 Svæðið fyrir tíð skipulags

Öskjuhlíð

Heimildir eru um að í Öskjuhlíð hafi Reykjavíkurbændur snemma haft nytjar, skóg og selstöðu. *Víkursels* er fyrst getið í máldaga frá 1379 og var það í notkun allt fram á 19. öld. Það mun hafa verið vestan og sunnan undir Öskjuhlíð, í Undirhlíðum.²¹

Um Öskjuhlíð lá fyrrum einn aðalvegurinn út úr bænum. Leiðin lá frá Skólavörðuholti og greindist á Öskjuhlíðarhálsinum, annars vegar austur Bústaðaholt og yfir Elliðaár og hins vegar suður í Hafnarfjörð og til Suðurnesja.²² Vegna þess hve mýrar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var ekki greið leið frá kaupstaðnum nema yfir holtin. Flest bendir til að Öskjuhlíð hafi verið í þjóðbraut í nokkrar aldir en 1870 lét bæjarstjórn Reykjavíkur gera þjóðveg á svipuðum slóðum og gamli troðningurinn hafði verið. Enn má sjá móta fyrir veginum á stuttum köflum í Öskjuhlíð austanverðri.²³ Á korti af Reykjavík frá 1902 má sjá að vegurinn



Mynd 4. Svæðið á korti frá 1850.²⁴

²¹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 9-12 og 23-24.


²² Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 28 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 128.

²³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 28.

²⁴ Hluti af korti Björns Gunnlaugssonar af Reykjavík 1850. Hér tekið eftir dagatali útgefnu af Árbæjarsafni 1986.

frá Skólavörðuholti er nefndur Hafnarfjarðarvegur (sjá mynd 6). Vegurinn til Hafnarfjarðar lá seinna frá Hringbraut (þar sem Miklatorg var gert 1942) og áfram þar sem göturnar Skógarhlíð og Suðurhlíð eru nú og hét þá Reykjanesbraut (einnig kallaður Hafnarfjarðarvegur í daglegu tali), en götuheitið var aflagt á þessum stað þegar Bústaðavegur var framlengdur að Hringbraut á 9. áratug 20. aldar.²⁵

Meðfram Fossvogsbökkum, frá Fossvogsdal yfir í Skildinganes, var einnig allfjölfarinn vegarslóði og við hann, suðvestan undir Öskjuhlíð, stóð bæinn *Nauthóll*, sem var hjáleiga frá Skildinganesi. Þar var búskapur hafinn um 1850 en um aldamótin 1900 kom þar upp taugaveiki og var bæinn þá brenndur og ekki búið þar eftir það. Ýmsar minjar hafa varðveist á svæðinu, húsarústir, garðar og brunnar.²⁶



Mynd 5. Nauthóll og nágrenni árið 1903. Græna svæðið er túnið við bæinn, en rauðu strikin sýna vegarslóða sem lágu norður með Öskjuhlíð og í vestur til Skildinganes.²⁷

²⁵ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 5 og 3. bindi (R-Ö), bls. 13 og 56.

²⁶ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 4-6 og 45-47 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 26-27 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 188.

²⁷ Kort Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn 1903. Landmælingar Íslands.

Á 19. öld var Öskjuhlíð notuð æ meira sem útivistarsvæði Reykvíkinga. Þá var þar samkomustaður skólapilta Lærðra skólans og kölluðu þeir staðinn *Beneventum* („staður þar sem gott er að koma“). Ekki er með fullu ljóst hvar staðurinn var en líklega hefur það verið vestan undir klettastöllum í vesturhlíðinni.²⁸ Árið 1874 var útbúið þjóðhátíðarsvæði á kalli Öskjuhlíðar í tilefni af hátíðahöldum sem þar fóru fram á 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar.²⁹

Grjótnám hófst í Öskjuhlíð þegar steinsmiðir sóttu þangað grjót til húsagerðar á 19. öld og fram yfir 1900 en stórfellt grjótnám hófst í tengslum við hafnargerðina 1913-1917. Grjót var þá sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður að Reykjavíkurböfn þar sem það var notað í uppfyllingar. Járnbrautarteinar voru lagðir sérstaklega fyrir þessa flutninga meðfram norðurhlíð Öskjuhlíðar, á svipuðum slóðum og Flugvallarvegur var síðar lagður. Síðan voru lagðir teinar



Mynd 6. Skuggahverfi, Rauðará, Skólavörðuholt og Norðurmýri á korti frá 1902.³⁰

²⁸ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 28-29 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 205-206.

²⁹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 29-30 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 206-207.

³⁰ Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn af Reykjavík 1902. Hér tekið eftir dagatali útgefna af Árbæjarsafni 1986.

annars vegar austur yfir Mela og niður að Örfiriseyjargranda og hins vegar um Norðurmýri niður að sjó og meðfram strandlengjunni vestur að Ingólfsgarði. Þessar leiðir lágu þá utan við meginbyggð bæjarins.³¹

Norðvestan Öskjuhlíðar, í jaðri Norðurmýrar eða hér um bil þar sem Miklatorg var síðar gert, var reist bækistöð fyrir járnbrautirnar sem kölluð var *Hafnarsmiðjan*. Þar var bæði birgðastöð og skýli yfir eimreiðarnar, en eftir að hafnargerðinni var lokið þjónaði Hafnarsmiðjan sem verkstæði fyrir Reykjavíkurbílför. Þegar unnið var að endurbótum á Miklatorgi árið 1947 mun gamla Hafnarsmiðjan hafa verið fjarlægð.³²

Rétt sunnan við Hafnarsmiðjuna, við suðurenda Laufásvegar (sem náði þá mun lengra í suðaustur en nú og var á þessum kafla seinna breytt í Vatnsmýrarveg) voru *Pólarnir* reistir á árunum 1916-1918. Þetta voru bráðabirgðabyggingar fyrir húsnæðislaust fólk sem fátækranefnd Reykjavíkur lét reisa, en húsnæðisvandi var mikill í Reykjavík á árum fyrri heimsstyrjaldar. Um var að ræða þrjú timburhús eða íbúðalengjur sem mynduðu U í kringum ferhyrnt port (*Efripóll*, *Neðripóll* og *Stóripóll* eða *Austurpóll*). Fjórða húsið, *Kálfakot*, stóð norðvestan við portið en það hafði verið flutt úr Mosfellssveit. Framkvæmdin sætti frá upphafi mikilli gagnrýni og þóttu húsakynninn léleg og voru alla tíð umdeild. Tvö húsanna voru rifin 1936 og 1938 og var Flugvallarbraut lögð frá Hringbraut yfir það svæði þar sem húsin höfðu staðið en austasta húsið (*Austurpóll*) stóð til um 1960 og húsið *Kálfakot* allt til 1989.³⁴

Árið 1937 fékk Golfklúbbur Íslands leyfi til að byggja einlyftan golfskála á leigulandi sínu í Öskjuhlíð norðaustanverðri, þar sem kallað er *Minni-Öskjuhlíð*, *Litlahlíð* eða *Litla-Öskjuhlíð*. Danska krónprinsessan Ingrid vígði skálann ásamt golfvelli í ágúst 1938. Skálinn stóð lítið eitt norðvestan við núverandi hús Veðurstofunnar við Bústaðaveg (Bústaðavegur 7-9) og var svæðið þá kallað *Golfskálahæð*. Skálinn var rifinn á seinni hluta 8. áratugar 20. aldar.³⁵

Norðurmýri

Í Norðurmýri var mikil mótekja meðan mór var notaður til eldsneytis, bæði um miðja 19. öld og svo aftur á árum fyrri heimsstyrjaldar þegar eldsneytisskortur var mikill.³⁶ Neðri hluti mýrarinnar var nefndur *Holur* því þar hafði mórinn verið stunginn í ósamstæðum holum með þunnum bökkum á milli, en svæðið ofar í mýrinni var kallað *Stálið* því þar var grafið samfelldar og endað með stáli eða bakka.³⁷ Tveir vegir lágu um mýrina, annar norður um

³¹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 31-32 – *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, bls. 10, mynd bls. 1 – Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 10, mynd 8.

³² *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, bls. 14.

³³ *Vísir*, 17. júlí 1947, bls. 1 og 6. október 1947, bls. 3.

³⁴ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Valssvæði og umhverfi*, bls. 5-6 – Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 17-18 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 196-197.

³⁵ *Morgunblaðið*, 18. maí 1937, bls. 7 – *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938, bls. 4 – *Fálkinn*, 1. október 1938, bls. 3.

³⁶ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 224.

³⁷ Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 154-155 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík, miðstöð þjóðlífs*, bls. 306.

hana, nefndur *Skaftastígur* og hinn þvert austur á Skaftastíg, nefndur *Sigurlaugarstígur*. Vegir þessir munu hafa verið kenndir við fólk sem mest notaði þá við mótekju og flutning. Ein mósölukonan hét Elsa Ottesen og er norðurhluti Norðurmýrar kenndur við hana og kallaður *Elsumýri*.³⁸



Mynd 7. Norðvesturhluti svæðisins, Norðurmýri og Vatnsmýri, á korti frá 1915-1918.³⁹

Rauðarárholt

Rauðarárholtið var allgrýtt og þar var stundað grjótnám í byrjun 20. aldar. Árið 1904 var reist þar að frumkvæði Knuds Zimsen, síðar bæjarstjóra, grjótmulningsverksmiðjan Mjólnir. Ætlunin var að nota mulninginn til gatnagerðar en hann þótti of dýr svo að brugðið var á það ráð að steypa úr honum stein til húsbýgginga. Til að sýna fram á notagildi Mjólnissteinsins reisti Knud Zimsen úr honum íbúðarhús sitt Gimli á Bernhöftstorfu á árunum 1905-1906.

³⁸ Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 155 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnaýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“, *Reykjavík, miðstöð þjóðlífs*, bls. 306.

³⁹ Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915–1918. Landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar.

Eftir verksmiðjunni er gatan Mjólnisholt nefnd en hún hét áður Mjólnisvegur.⁴⁰ Grjót var einnig tekið af Rauðarárholti vegna hafnargerðarinnar á árunum 1913-1917 og er klettastál norðaustan við Sjómannaskólann minjar um það grjótnám. Íþróttafélagið Fram fékk námuna til afnota undir knattspyrnuvöll og aðstöðu árið 1945 og starfaði þar til 1972.⁴¹



Mynd 8. Norðurmýrin á korti frá 1920.⁴²

Eftir miðbæjarbrunann 1915 var reistur á Rauðarárholti vatnsgeymir til að tryggja nægan vatnsþrýsting og bæta skilyrði til slökkvistarfa en einnig til að draga úr vatnsskortri í bænum sem var mikill á þessum tíma. Byggingu geymisins var lokið árið 1917 og var hann eitt fyrsta mannvirkið á holtinu. Árið 1929 var Reykjavíkurviti reistur ofan á vatnsgeyminum en hann var síðar fluttur í turn Sjómannaskólans sem reistur var litlu norðar á holtinu 1942-1945.⁴³ Annar geymir var byggður árið 1930 við hlið þess gamla og standa þessir geymar enn

⁴⁰ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 184.

⁴¹ *Fram. 100 ára afmælisrit. 1. maí 2008*, bls. 8.

⁴² Hluti af korti Egils Hallgrímssonar af Reykjavík 1920. Afrit gert af Á.P.Á undir leiðsögn E.H. 1961. Hér tekið eftir dagatali útgefnu af Árbæjarsafni 1986.

⁴³ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 133-135 – Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 268 – *Ísafold*, 30. apríl 1929, bls. 4 – *Morgunblaðið*, 1. maí 1929, bls. 3.


við Háteigsveg norðanverðan.⁴⁴ Í skýrslu Árbæjarsafns sem unnin var vegna skipulagsvinnu á svæði borgarhluta 3 árið 1992 var lagt til að vatnsgeymarnir á Rauðarárholti yrðu verndaðir.⁴⁵

Á þessum slóðum munu einnig hafa verið fiskreitir eða stakkstæði á vegum togarafélagsins Kveldúlfs á 3. og 4. áratug 20. aldar.⁴⁶ Á deiliskipulagsupprætti að lóðum Sjómannaskólans og Háteigskirkju frá 1971 er stakkstæðið staðsett og afmarkað norðan megin við bílastæði norðan Háteigskirkju.⁴⁷

Árið 1953 lét Fegrunarfélag Reykjavíkur setja upp lágmynd Sigurjóns Ólafssonar, Saltfiskstöflun frá 1934, rétt vestan við vatnsgeymana á Rauðarárholti.⁴⁸

Hlemmur

Á ofanverðri 19. öld lá aðalleiðin austur í Laugarnes og Þvottalaugar um norðurjaðar svæðisins sem hér er til umfjöllunar og yfir Rauðarárlæk. Árið 1885 var ákveðið að framlengja Laugaveg í átt að Þvottalaugunum og var þá gerð brú yfir Rauðarárlæk til að



Mynd 9. Hestum brynnt við vatnsþróna við Hlemm, líklega um 1904-1910.⁴⁹

⁴⁴ Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, bls. 157 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 8 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 15.

⁴⁵ Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 15.

⁴⁶ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Síðari hluti, bls. 52-53.

⁴⁷ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Lóð Sjómannaskólans“. Uppdráttur Aðalsteins

Richter, dags. 13.09.1970, sp. 02.02.1971. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð:

<http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Sjómannaskólinn, lóð. Sótt 18. mars 2013 – Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 108, 113 og 202.

⁴⁸ *Alþýðublaðið*, 29. nóvember 1953, bls. 1.

⁴⁹ Ljósmynd (Daníel Daníelsson?). Ljósmyndasafn Reykjavíkur, EFT 116.

greiða fyrir umferðinni. Var hún jafnan nefnd *Hlemmur*.⁵⁰ Árið 1912 var gerð vatnspró rétt austan við Hlemm. Hún var úr steinsteypu og tæpur metri á hæð en lengdin að sögn eitthvað á þriðja metra. Í henni var rennandi vatn enda hafði vatnsveitan tekið til starfa í Reykjavík árið 1909. Fleiri vatnsprær voru í Reykjavík en sú við Hlemm var einna kunnust enda var hún í alfaraleið.⁵¹ Eftir að strætisvagnaferðir hófust í Reykjavík 1931 var leið nr. 1 með endastöð við vatnspróna hjá Hlemmi og myndaðist þá þarna vísir að torgi. Fljótlega upp úr því var vatnspróin lögð niður og ummerki hennar fjarlægð.⁵² Torgið, ásamt strætisvagnamiðstöðinni sem reist var á þessum stað á 8. áratug 20. aldar, er enn í daglegu tali kallað Hlemmur eða Hlemmtorg.

Erfðafestubýli

Nokkur erfðafestubýli voru reist á svæðinu sem hér um ræðir í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar. Bæjaryfirvöld hófu úthlutun á erfðafestulandi á síðari hluta 19. aldar til að hvetja til aukinnar ræktunar og búrekstrar í nágrenni við þéttbýlið í Reykjavík og tryggja nægilegt framboð af landbúnaðarafurðum eins og mjólk, sem var nauðsynlegt vegna þess hve vegasamband við sveitirnar var slæmt og erfitt að flytja þaðan nauðsynjar. Vegna þessa áttu erfðafestubýlin eftir að gegna mikilvægu hlutverki, einkum á kreppuárunum þegar framboð á mat, sér í lagi mjólkurvörum, var lítið.⁵³ Einkum voru mýrarnar vinsælar undir ræktunarsvæðin, þar sem holtin voru grýtt og melarnir harðir. Norðurmýrin var eitt af þeim svæðum í nánd við bæinn sem tekin voru undir túnrækt á síðasta áratug 19. aldar. Í upphafi 20. aldar var haldið áfram að úthluta landi úr Norðurmýrinni og gengið á mýrina eftir því sem mólandið leyfði. Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld hófst úthlutun erfðafestulanda í Kringlumýri, Laugardal, Fossvogi, Kleppi og Sogamýri.⁵⁴ Svæðunum var skipt í bletti sem afhentir voru til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.⁵⁵ Á erfðafestulöndunum risu hús sem sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin. Mörg býlanna lögðust af með mjólkursölulögum sem sett voru árið 1934 en þau höfðu í för með sér að bændum í Reykjavík reyndist erfiðara að selja mjólk sína beint til neytenda.⁵⁶ Erfðafestubýlin féllu svo gjarnan inn í hina nýju byggð eftir því sem hún breiddi úr sér yfir gömlu erfðafestulöndin og erfðafestuhafarnir fengu í staðinn lóðir sem mældar voru út umhverfis íbúðarhús þeirra. Í öðrum tilvikum þurftu gömlu býlin, með öllum ummerkjum um búskap og ræktun, að víkja fyrir nýju skipulagi.

Af þeim húsum sem byggð voru á erfðafestulandi í þessum borgarhluta standa nokkur enn. Elst þeirra er húsið númer 2-4 við Eskihlíð, en þar reisti Magnús Benjamínsson úrsmiður

⁵⁰ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 44 og 128.

⁵¹ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Síðari hluti, bls. 56 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 138 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur*, bls. 5.

⁵² Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 44 og 3. bindi (R-Ö), bls. 138.

⁵³ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 6 – Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun. Skógarhlíð*, bls. 1.

⁵⁴ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 44 og 106.

⁵⁵ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 39 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 47-49.

⁵⁶ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 4.

steinbæ árið 1892 og gaf nafnið *Eskihlíð* (Eskihlíð A). Arnarhólstraðir, sem fyrrum lágu frá Arnarhóli yfir Skólavörðuholt, munu hafa endað nálægt Eskihlíð. Talsvert var síðar byggt við steinbæinn en hann stendur enn sem hluti af núverandi húsi á lóðinni. Allmikill búskapur var lengi vel í Eskihlíð, einkum í tíð Geirs Gunnlaugssonar sem keypti býlið árið 1934 og hófst þegar handa við að stækka húsin og koma upp myndarlegu kúabúi. Seinna byggði hann upp býlið Lund við Nýbýlaveg í Kópavogi. Árið 1959 stofnaði Pálmi Jónsson kaupmaður verslunina Hagkaup í húsinu og varð það vísirinn að stórveldi Hagkaupa, sem síðar varð.⁵⁷ Húsið stendur nú við vestari enda götunnar Eskihlíðar sem nefnd er eftir gamla býlinu.

Húsið *Háteigur* er annað gamalt erfðafestubýli sem enn stendur innan þessa borgarhluta. Það var byggt á erfðafestulandi ofarlega í Rauðarárholti og stendur nú á lóð númer 36 við Háteigsveg. Upphaflega byggði Guðmundur nokkur Jafetsson timburhús á landinu árið 1907 sem hann nefndi Háteig. Halldór Þorsteinsson skipstjóri keypti síðan Háteig árið 1914 og árið 1921 reisti hann þar steinsteypa íbúðarhúsið sem enn stendur.⁵⁸ Halldór þessi var skipstjóri á Jóni forseta sem var fyrsti togarinn sem smíðaður var fyrir Íslendinga (1907). Halldór bjó lengi að Háteigi með konu sinni Ragnhildi Pétursdóttur frá Engey.⁵⁹



Mynd 10. Horft austur yfir Rauðarárholt um 1920-1930. Fyrir miðri mynd eru bæjarhúsin að *Sunnuhvoli* sem stóðu þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt og fjær er býlið *Háteigur* sem enn stendur við Háteigsveg 36. Efst á holtinu (dökk þúst milli húsanna) er vatnsgeymirinn sem byggður var um 1915. Fremst sést fólk við heyskap á túni Sunnuhvols.⁶⁰

Við Stigahlíð 68 stendur timburhús sem byggt var á erfðafestulandi. Húsið byggði Jón B. Jónsson bókari árið 1937 á Norðurmýrarbletti 35 og nefndi *Efrihlíð*. Þarna hafði Jón búskap í mörg ár og byggði útihús undir hesta, fé og hænsni. Útihúsin voru rifin árið 1964 þegar farið var að skipuleggja og reisa einbýlishúshverfið við Stigahlíð austanverða. Fjórum

⁵⁷ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gyfadóttir: *Húsakönnun. Valsvæði og umhverfi*, bls. 4 og 9 – Nikulás Úlfar Mátsson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*, bls. 6 – Nikulás Úlfar Mátsson: *Húsakönnun. Skógarhlíð*, bls. 7 - Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 99.

⁵⁸ Minjasafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 35 – *Vísir*, 3. júlí 1914, bls. 2.

⁵⁹ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 35.

⁶⁰ Ljósmynd. Karl Christian Nielsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, KAN ÁBS 5044.

árum síðar keypti Reykjavíkurborg landið ásamt íbúðarhúsinu og seldi ríkissjóði húsið sama ár undir barnaheimili. Þarna var í mörg ár rekið barnaheimilið *Efrihlíð* en árið 2007 var húsinu aftur breytt í íbúðarhús og annað íbúðarhús byggt á lóð þess (Stigahlíð 68a).⁶¹



Mynd 11. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina í Hlíðunum, erfðafestubýli og braggahverfi.⁶²

Á vesturjaðri svæðisins sem hér er til umfjöllunar standa enn íbúðarhús, fjós og hlaða sem Jón Kristjánsson prófessor reisti árið 1916 á erfðafestulandi sínu *Hlíðarendu* í norðausturhorni Vatnsmyrar. Guðjón Guðlaugsson alþingismaður keypti jörðina árið 1919 og bjó á henni til dauðadags 1939. Þá var hún seld knattspyrnufélaginu Val sem hefur síðan byggt þarna upp athafnasvæði sitt og haldið gamla nafninu *Hlíðarendu*.⁶³

⁶¹ Minjasafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur – *Morgunblaðið*, 8. júlí 1938, bls. 7.

⁶² Loftmynd frá 1954 úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225. Heimild um býli: Ýmis kort og loftmyndir af Reykjavík.

⁶³ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Valsvæði og umhverfi. Hringbraut – Bústaðavegur – Flugvallarvegur – Hlíðarfótur*, bls. 2-3,4 og 10 – Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmyri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Bygðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 16-17.

Þróddsstaðir við Skógarhlíð 22 eru fjórða erfðafestubýlið sem enn stendur á þessum slóðum. Húsið byggði Guðmundur Jónsson bifreiðarstjóri árið 1927 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 13 við Reykjanesbraut. Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari teiknaði húsið og er það í burstabæjarstíl, en Guðmundur gerði margar tillögur að húsum í þessum þjóðlega stíl í upphafi steinsteypu tímabilsins í Reykjavík. Í eystri helmingi burstanna voru fjós og hlaða en íbúð í þeim vestari. Í upphafi 5. áratugarins keypti Jóhannes Kristjánsson, bóndi að Brekku við Sogaveg, Þróddsstaði og hélt þar áfram búinu þar til setuliðið tók húsið árið 1942 og breytti fjósinu og hlöðunni í baðhús. Eftir stríð var starfrækt trésmíðaverkstæði í húsinu í langan tíma.⁶⁴



Mynd 12. Loftmynd af svæðinu frá 1946. Hverfið Norðurmýri er fullbyggt, verkamannabústaðir á Rauðarárholti eru risnir og vesturhluti Hlíðahverfis er að byggjast upp. Bærinn *Klambrar* stendur á Klambratúni og sjá má að enn eru óbyggðir blettir við býlin *Sunnuhvol* og *Háteig* við Háteigsveg. Neðarlega sést býlið *Eskihlíð* og önnur erfðafestubýli á því svæði. Braggahverfi eru á Rauðarárholti, m.a. á mótis við Sjómannaskólann.⁶⁵

Af horfnum erfðafestubýlum í þessum borgarhluta er fyrst að nefna *Klambra*, sem Klambratún heitir eftir. Bæinn reisti Maggi Júl. Magnús, sem svo kallaði sig, læknir og bæjarfulltrúi, árið 1925 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 4, sem var hluti af því landi sem síðar var lagt til almenningsgarðsins Miklatúns.⁶⁶ Christian Christensen keypti Klambra árið 1934 og hóf þar búskap ásamt konu sinni, Ólöfu Ólafsdóttur. Eftir stríð rak hann þar

⁶⁴ Nikulás Úlfar Másson: *Húsakönnun. Skógarhlíð*, bls. 8.

⁶⁵ Ljós. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur . VIG Loftmyndir C 4-2.

⁶⁶ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 181. Bærinn virðist upphaflega hafa verið nefndur *Klömbur*, eftir býlinu Klömbum í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu, en þangað átti Maggi rætur að rekja, en fljótlega varð breyting á notkun nafnsins og varð þá algengast að bærinn væri kallaður *Klambrar*. Baldur Jónsson: „Klambrar saga“, bls. 130-132.

svínasláturhús, reykhus og kjötverslun sem seinna fluttist að Háteigsvegi 2.⁶⁷ Bæjarsjóður leysti til sín land Klambra árið 1946 og á árunum 1948-1958 voru skólagarðar starfræktir í einu horni Klambratúns. Christian Christensen og fjölskylda munu hafa búið á Klömbrum til 1963 en árið 1965 voru bæjarhúsin rifin.⁶⁸

Annað horfið erfðafestubýli á þessum slóðum er *Sunnuhvoll*, sem stóð austan við Rauðarárstíg þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt. Þar byggði Pétur Hjaltested úrsmiður reisulegt timburhús í nýklassískum stíl árið 1906, sem búið var ýmsum þægindum sem þá voru sjaldgæf hér á landi, svo sem vatnssalerni og baðkeri, en vatnsleiðsla var lögð í húsið og skolpleiðsla frá því í safngryfju langt niðri á túni.⁶⁹ Húsið var rífið á 6. áratug 20. aldar.⁷⁰



Mynd 13. Séð yfir Norðurmýri, Hlíðar, Öskjuhlíð og Vatnsmýri á loftmynd frá 1946.⁷¹

Í austurjaðri Rauðarárhólts, þar sem Kringlumýrarvegur lá áður (sjá myndir 14 og 15) en nú austasti hluti götunnar Skiphólts og Bolholt, byggðust upp nokkur erfðafestubýli á Kringlumýrarblettum í kringum 1930 (Kringlumýrarblettir 1-10). Þar á meðal voru *Fagridalur* (nálægt þar sem nú er verslunarhúsið Skipholt 70), *Hlíðardalur* (Skiopholt 66), *Höfn* (Skiopholt 62), *Helgadalur* (á horni Bolholts og Skiphólts, Háaleitisbraut 1), *Finnbogahús*, sem var eldra hús, hlaðið úr steini um 1900 (þar sem nú er Bolholt 8). Vestar voru svo *Hraun*, *Hamar* og *Berg* (Skiopholt 35). Flest þessara húsa þurftu að víkja fyrir skipulagðri byggð upp úr 1960, en tvö þeirra, Hlíðardalur og Höfn, féllu inn í hina nýja byggð

⁶⁷ *Morgunblaðið*, 30. júlí 1986, bls. 34 – Kjartan Kjartansson: „Túnið við Klömbrur“. *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010.

⁶⁸ Kjartan Kjartansson: „Túnið við Klömbrur“. *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 181.

⁶⁹ Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, bls. 153-156 – Þórunn Valdímarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 99 – *Lögrétta*, 22. ágúst 1906, bls. 159.

⁷⁰ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 106.

⁷¹ Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 30-37.

og stóðu allt til þess að þau urðu að víkja fyrir nýbyggingum í kringum 2000. Húsið Fagridalur mun hafa verið flutt inn í Blesugróf og gert þar upp og stækkað.⁷²

Í Kringlumýri, austan Kringlumýrarvegur, voru ein helstu ræktunarlönd Reykvíkinga í mörg ár. Þar lét Reykjavíkurbær ræsa fram mýrina og plægja garða sérstaklega undir matjurtarækt á kreppuárunum. Undir lok 6. áratugar 20. aldar voru garðarnir í Kringlumýri lagðir niður.⁷³ Hluti garðlandanna í Kringlumýri var á því svæði sem nú fellur undir borgarhlutann Hlíðar.



Mynd 14. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina á Rauðarárholti austanverðu, meðal annars erfðafestubýli við Kringlumýrarveg og braggahverfi við Háteigsveg.⁷⁴

Á svæði núverandi Hlíðahverfis voru einnig nokkur erfðafestubýli sem urðu að víkja fyrir nýjum byggingum og skipulagi. Þar á meðal var býlið *Reykjahlíð* sem stóð þar sem nú er götustæði Stakkahlíðar, milli Drápuhlíðar og Mávahlíðar. Þar rak Gestur Guðmundsson myndarbýli frá 1923. Árið 1964 samþykkti borgarráð kaup á landi og húsum Reykjahlíðar og stuttu síðar urðu bæjarhúsin að víkja, en á þessum tíma var Hlíðahverfið orðið þéttbyggt og ráðgert að klára lagningu götunnar Stakkahlíðar á þessum stað.⁷⁵ Af öðrum býlum sem byggð

⁷² Freyja Jónsdóttir: „Kringlumýrarblettir“. *Dagur*, Íslendingaþættir, blað 3, 28. mars 1998, bls. II.

⁷³ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 250-252 – Freyja Jónsdóttir: „Kringlumýrarblettir“. *Dagur*, 28. mars 1998 – *Alþýðublaðið*, 6. september 1944, bls. 2 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 106 – *Morgunblaðið*, 13. apríl 1961, bls. 15.

⁷⁴ Loftmynd frá 1956 úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225. Heimild um býli við Kringlumýrarveg: Viðtal við Magnús Gunnar Pálsson, dags. 16. september 2013.

⁷⁵ *Morgunblaðið*, 16. maí 1974, bls. 18 og 22 – *Vísir*, 25. júlí 1964, bls. 6 og 16.

voru á þessum slóðum á 3. og 4. áratug 20. aldar og nú eru horfin má nefna *Litlu-Hlíð* sem stóð suðaustan við Þóroddsstaði, austan götunnar sem nú heitir Litlahlíð og þar sem nú er lóðin Hörgshlíð 2 (Norðurmýrarblettur 33). Nokkru austar, þar sem Háahlíð og Hamrahlíð mætast nú stóð býlið *Varmahlíð* sem Sigurður Gíslason lögregluþjónn byggði 1932 (Norðurmýrarblettur 32). Þessi býli töldust standa við *Reykjanesbraut* (sem einnig var í daglegu tali kölluð Hafnarfjarðarvegur), sem lá þá þar sem nú eru göturnar Skógarhlíð og Suðurhlíð. Sunnan Reykjanesbrautar, skammt frá Hlíðarenda, stóð býlið *Hjarðarholt*, sem Vilhelm Bernhöft bakari byggði árið 1928. Bæjarhús Hjarðarholts stóðu allt til ársins 2000 þegar þau voru rifin til að rýma fyrir nýju skrifstofuhúsi á lóðinni (Skógarhlíð 12). Nokkru norðar og vestar (norðan við Skógarhlíð 6), stóð býlið *Breiðholt* (Vatnsmýrarvegur 38) sem var byggt 1925 og rífið 1989. Á þessum slóðum, á litlum reit sem afmarkaðist af suðurenda Laufásveggar (síðar Vatnsmýrarveggar), Reykjanesbraut og Flugvallarbraut, voru fleiri gömul hús sem sum voru rifin vegna færslu Hringbrautar 2003-2005 en önnur fyrr, m.a. Eskihlíð B, Eskihlíð C (Vatnsmýrarvegur 37) og Eskihlíð D (Vatnsmýrarvegur 39).⁷⁶

Austanvert í suðurhlíðum Öskjuhlíðar, á svæðinu sem kallast Leynimýri ofan við Fossvogskirkjugarð, voru tvö erfðafestubýli frá því snemma á 20. öld. Býlið *Leynimýri* stóð ofar af þessum tveimur, á Leynimýrarbletti 1. Þar reisti Jónatan Þorsteinsson trésmiður, kaupmaður og bæjarfulltrúi hús úr tilhöggnum steini árið 1912 og seinna var bætt við útihúsum á landinu. Þarna var stundaður búskapur fram yfir seinni heimsstyrjöld. Húsin stóðu til 1989 en þá keypti borgarsjóður þau til niðurrifs þar sem þau samræmdust ekki skipulagi á svæðinu.⁷⁷ Býlið *Sólland* stóð litlu sunnar, á Leynimýrarbletti 2 í suðurjaðri Leynimýrar, þar sem nú er lóð leikskólans Sólborgar (Vesturhlíð 1). Þar byggði Sigurbjörg Þorlaksdóttir íbúðarhús árið 1930, sem var stækkað með viðbyggingum á 5. áratugnum. Þarna var stundaður búskapur til um 1954, með kýr, hænsni og hesta.⁷⁸ Húsin stóðu allt fram til 2007 en nýlega hefur verið reist nýtt hús fyrir leikskólann þar sem íbúðarhúsið stóð áður. Nýr duftgarður sem skipulagður var þar sem áður voru tún Leynimýrar var tekinn í notkun 2. október 2009 og er hann nefndur Sólland.

1.2.4 Hernámsárin

Á svæðinu sem nú fellur undir borgarhluta 3 voru umsvif hersins mikil í tíð hernámsins. Öskjuhlíð, ásamt Vatnsmýri og Seljamýri, er sá staður í borgarlandinu þar sem herminjar hafa best varðveist. Við hernám Breta árið 1940 yfirtók herinn svæðið og reisti fjölda mannvirkja í tengslum við flugvöllinn sem lagður var í Vatnsmýrinni 1941. Við flugvallargerðina fór fram mikið grjótnám í Öskjuhlíð og myndaðist mikil geil í hlíðina þar sem Keiluhöllin var síðar byggð. Á svæðinu er enn (2013) að finna margvíslegar minjar um umsvif hernámsliðsins, bæði uppstandandi byggingar og mannvirki og leifar þeirra. Meðal minja í og við Öskjuhlíð eru skotbyrgi, stjórnbyrgi, skotgrafir, loftvarnabyrgi, varnarveggir fyrir eldsneytistanka, neðanjarðarvatnstankar, bryggja, vegir og gólf og grunnar undan bröggum og öðrum

⁷⁶ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Valsvæði og umhverfi*, bls. 5.

⁷⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 32 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 140 – *Þjóðmál*, 6. mars 1974, bls. 15.

⁷⁸ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 33.

byggingum. Á svæðinu risu hundruð bragga og var braggabyggðin einna þéttust vestan í Öskjuhlíðinni og út með Fossvoginum. Nokkrir braggar standa enn undir norðurrótum Öskjuhlíðar og einn við gamla flugturninn. Einnig er hluta af flutningsbúðum eða *Transit Camp* að finna í Nauthólsvík.⁷⁹



Mynd 15. Hér sjást braggahverfi á Rauðarárholti á loftmynd frá 1946, neðst til hægri *Camp Vulcan* (þar sem nú eru göturnar Brautarholt og Skipholt) og vinstra megin fyrir miðju, *Camp Tower Hill* og *Camp Sheerwood* (í nágrenni Sjómannaskólans).⁸⁰

Á svæðinu sem nú fellur undir Hlíðahverfi risu einnig nokkur braggahverfi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar en ummerki um þau hurfu að mestu með tilkomu skipulagðrar byggðar.⁸¹ Rétt austan við þar sem Pólarnir stóðu (og Austurpóll stóð enn) og Flugvallarbraut mætti suðurenda Laufásvegur (Vatnsmýrarvegur) var *Camp Hilton*. Litlu suðaustar, milli Reykjanesbrautar og býlisins Hlíðarenda, var *Camp Farm*. Enn suðaustar, þar sem nú er slökkvistöðin við Skógahlíð (Skógarhlíð 14), var *Camp Anacostia*. Austan við býlin Þóroddsstaði og Litlu-Hlíð norðan Reykjanesbrautar, þar sem nú er gatan Hörgshlíð og Hlíðaskóli, var *Camp Melrose* (höfuðstöðvar stórfylkis). Lítið eitt norðaustar, nálægt býlinu Efríhlíð og hér um bil þar sem gatan Háahlíð og lóð Menntaskólans við Hamrahlíð eru nú, var

⁷⁹ Um frekari umfjöllun og skráningu braggahverfa og herminja í og við Öskjuhlíð vísast í fornleifaskráningu í kafla 2.3 hér á eftir og eftirtalin rit: Helga Maureen Gyldfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun* – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga* – Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970* – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*.

⁸⁰ Ljósmynd. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 32-35.

⁸¹ Upplýsingar um eftirtalin braggahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

Camp Liberty (áður Craven). Kampur mun einnig hafa verið nálægt golfskálanum í Öskjuhlíð sem var á þessum slóðum, líklega *Bytown Camp*.⁸² Niðri við Fossvog, nálægt því þar sem gatan Suðurhlíð endar nú var *Camp Cook* (áður Marine Camp og þar á undan Fleet Air Base, Iceland, East Camp).

Á Rauðarárholti og í jöðrum þess voru einnig nokkur braggahverfi sem nú eru litlar minjar um.⁸³ Efst á holtinu við Háteigsveg, rétt austan við þar sem Háteigskirkja reis og einnig á austurhorni Stakkahlíðar á móti vatnsgeymunum (þar sem kirkja Óháða safnaðarins er nú) var *Camp Tower Hill*. Það var tvískipt hverfi og voru loftvarnarbyssur í vestari hlutanum og íbúðir og vörugeymslur í eystri kampinum, gegnt vatnsgeymunum. Hinum megin við Stakkahlíð, á vesturhorni Stakkahlíðar og Háteigsvegar, var *Camp Sheerwood*. Norðarlega í holtinu, vestan við lóðina þar sem Mjólkursamsalan reisti hús sitt við Laugaveg (þar sem Þjóðskjalasafnið er nú) var *Camp Vulcan* og teygði sig vestur að Þverholti. Austan við hús Mjólkursamsölunnar (þar sem nú eru Laugavegur 164 og 166) var svo *Camp Hounslow*.

Á svæðinu suðvestan Hlemms, milli Laugavegar og Grettisgötu, þar sem síðar reis m.a. hús Tryggingastofnunar (Laugavegur 114), var *Storey's Gate* birgðageymslan og síðar bresk fluglögreglustöð og litlu sunnar, austan við þar sem nú er barnaleikvöllurinn við Grettisgötu, var *Camp Herold*.⁸⁴

1.2.5 Skipulag hverfishluta í borgarhluta 3

Hlemmur

Á áratugunum í kringum 1900 margfaldaðist íbúafjöldi í Reykjavík og á fyrstu árum 20. aldar var húsnaðisekla orðin mikil. Bærinn tók þá að stækka hratt og teygði byggðin sig mest í austurátt og upp í Skólavörðuholtið. Fljótlega eftir að Laugavegur var lagður austur á bóginn um 1885 fór húsum að fjölga mjög upp eftir götunni. Norðanvert Skólavörðuholtið byggðist síðan upp úr 1900 og varð svæðið að miklu leyti fullbyggt á fyrsta áratug aldarinnar.

Svæðið austan og sunnan Skólavörðuholts var enn um sinn utan meginbyggðarinnar, enda þótti það óhentugt til byggingar sökum mýrlendis. Þó myndaðist þar dreifð byggð erfðafestubýla á fyrstu áratugum 20. aldar eins og áður er lýst. Á sama tíma hélt byggð við Laugaveg áfram að færast í austur og hús tóku að rísa á svæðinu í kringum Hlemm. Á suðausturhorni Laugavegar og Rauðarárstígs, þar sem nú er bygging Arionbanka (Rauðarárstígur 23), reis lítil þyrping timburhúsa á 1. áratug aldarinnar. Þar stóð meðal annars húsið *Lundur*, sérkennilegt og skrautlegt timburhús, sem Stefán B. Jónsson reisti eftir eigin teikningu árið 1902, en það taldist númer 104 (seinna 124) við Laugaveg.⁸⁵ Sunnan við Lund, austan Rauðarárstígs, stóðu nokkur timburhús sem reist voru á árunum 1905-1910 og töldust

⁸² Heimildum ber ekki að fullu saman um heiti og staðsetningu braggahverfa á þessum slóðum (Camp Leynimýri og Bytown Camp), sjá: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

⁸³ Upplýsingar um eftirtalin braggahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

⁸⁴ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*, bls. 24-25 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 224-225.

⁸⁵ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 136-137.

þá númer 1-9 við Rauðarárstíg (seinna númer 17-25). Aðeins eitt hús reis á þessum tíma vestan götunnar, húsið *Árbakki*, sem talið var númer 10 við Rauðarárstíg (þar sem nú er Grettisgata 89).⁸⁶



Mynd 16. Svæðið kringum Hlemm á loftmynd frá 1930. Lengst til vinstri er húsabyrping sem reis um 1900-1910 á suðausturhorni Laugavegar og Rauðarárstígs. Norðurmýrin er enn óbyggð og í gegnum hana og undir brúna Hlemm, rennur Rauðarárlækur.⁸⁷

Á 3. áratugnum risu fyrstu íbúðarhúsin á svæðinu sem byggð voru samkvæmt ákveðnum hugmyndum um skipulag bæjarins, en það er sú samfellda húsaröð sem stendur við göturnar Þverholt, Laugaveg og Mjöllnisholt (Þverholt 3-7, Laugavegur 126-146 og Mjöllnisholt 4-10).⁸⁸ Á þeim tíma var í gildi fyrsta heildarskipulagið sem gert var fyrir Reykjavík og samþykkt var í bæjarstjórn 1927. Samkvæmt skipulaginu átti umferðagata (Hringbraut) að umlykja bæinn og ekki gert ráð fyrir að byggðin í Reykjavík næði út fyrir hana næstu áratugi. Gert var ráð fyrir samfelldum röðum tveggja og þriggja hæða steinhúsa meðfram flestum götum, en slík skipulagsgerð nefnist blokkbygging eða randbyggð og þekkist meðal annars frá Kaupmannahöfn og Berlín.⁸⁹ Húsaröðin við Þverholt, Laugaveg og Mjöllnisholt reis utan hins skipulagða svæðis sem afmarkað var innan Hringbrautar, en við byggingu hennar var þó fylgt hugmyndum skipulagsins um hæð og fyrirkomulag húsa.

Á 4. áratugnum hóf Egill Vilhjálmsson bifreiðastjóri uppbyggingu á reitnum sem afmarkast af Laugavegi, Rauðarárstíg, Grettisgötu og Snorrabraut, en fyrirtæki hans var á

⁸⁶ Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur*, bls. 9.

⁸⁷ Ljósmynd. Ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ABS 1 769.

⁸⁸ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gyldfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjöllnisholt – Stakkholt – Þverholt*, bls. 42-57 og 61-63.

⁸⁹ Páll Líndal: *Bæirnir byggjast*, bls. 186-188 – Trausti Valsson: *Reykjavík – Vaxtarbroddur*, bls. 42-43 – Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 122-125.

sínum tíma eitt hið stærsta hér á landi á sviði bifreiðasölu, bifreiðasmíði og viðgerða- og varahlutaþjónustu. Þarna byggði Egill samfellda röð stórbygginga í nokkrum áföngum meðfram Rauðarárstíg, Laugavegi og Grettisgötu á árunum 1931-1953 (Rauðarárstígur 10, Laugavegur 116-118 og Laugavegur 114). Á svipuðum tíma byggði Sveinn Egilsson stórhýsi í áföngum undir bifreiðarekstur sinn á lóð vestan Hlemms (Laugavegur 105). Svæðið í kringum Hlemm varð því einskonar miðstöð bifreiðaiðnaðar í Reykjavík á þessum tíma.⁹⁰ Á Hlemmi var lengi aðsetur fyrir leigubifreiðastöðvar, í fyrstu Litlu bílastöðina og seinna Hreyfil. Árið 1970 var ákveðið að aðalmiðstöð Strætisvagna Reykjavíkur skyldi vera á Hlemmi og jókst þá til muna umferðin um þetta svæði. Núverandi hús fyrir strætisvagnamiðstöðina var reist á árunum 1977-1978 eftir teikningu Gunnars Hanssonar húsameistara.⁹¹

Frá um 1970 hefur svæðið í kringum Hlemm einkum hýst ýmsar opinberar stofnanir og þjónustufyrirtæki. Meðal bygginga sem reistar hafa verið sérstaklega fyrir slíka starfsemi er stórhýsið Rauðarárstígur 23 (áður Laugavegur 120) sem reist var fyrir Búnaðarbanka Íslands á árunum 1967-1968, en á lóðinni var fyrir áður nefnd timburhúsapýrping frá 1. áratug 20. aldar sem varð þá að víkja.

Norðurmýri

Fyrsta heildstæða íbúðabyggingin sem skipulögð var á þessum slóðum er *Norðurmýri* og er það jafnframt fyrsta heilsteypta hverfið sem byggt var samkvæmt skipulagi utan gamla bæjarins sem rúmaðist innan Hringbrautar. Fljótlega eftir samþykkt fyrsta skipulagsuppráttarins fyrir Reykjavík árið 1927 kom í ljóst að vöxtur bæjarins var hraðari en nokkurn grunaði og að huga þyrfti að framtíðarskipulagi utan Hringbrautar. Uppdrátturinn var felldur úr gildi 1933 og fljótlega eftir það farið að skipuleggja íbúðahverfi utan Hringbrautar.

Á uppdrættinum frá 1927 hafði verið gert ráð fyrir járnbraut með brautarstöð í Norðurmýri. Um leið og hann var felldur úr gildi varð ljóst að endurskoða þyrfti staðsetningu járnbrautarstöðvar í Norðurmýri, því fyrirsjáanlegt var að stöðin myndi hamla umferð milli byggðanna austan og vestan við Norðurmýrina og eyðileggja gott byggingarsvæði.⁹² Járnbrautarmálinu var þá skotið á frest en aldrei varð síðan af því að járnbraut yrði lögð um borgarlandið.

Árið 1934 voru Einar Sveinsson arkitekt, sem ráðinn hafði verið sem húsameistari Reykjavíkur, og Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur fegnir til að vinna að skipulagi Reykjavíkur utan Hringbrautar. Meðal þess fyrsta sem þeir gerðu var að skipuleggja nýtt íbúðarhverfi í Norðurmýri.⁹³ Einar var menntaður í Þýskalandi og aðhylltist svokallaða fúnkísstefnu í byggingarlist. Nýja hverfið var hannað í anda fúnkísstefunnar þar sem

⁹⁰ Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson: *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur*, bls. 8-12 – Örn Sigurðsson og Ingibergur Bjarnason: *Íslenska bílaöldin*, bls. 72 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti, bls. 182-183.

⁹¹ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 44-45 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur*.

⁹² Páll Líndal: *Bæirmir byggjast*, bls. 205-206.

⁹³ *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 11 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata*, bls. 4-5.

megináherslan lögð á afstöðu húsa og lóða gagnvart sól og var stefna gatna og dýpt húsa ákvörðuð með hliðsjón af því. Gert var ráð fyrir einlyftum parhúsum með kjallara og háu risi á hluta svæðisins en byggingarnefnd heimilaði frávik þannig að heil hæð með lágu valmapaki kom í stað rishæðar.⁹⁴ Hverfið, sem kennt var við Norðurmýri, var fullbyggt skömmu eftir stríðslok og hefur litlum breytingum tekið síðan. Húsin urðu öll einni hæð hærri en upphaflegt skipulag hafði gert ráð fyrir, utan eins húss við Karlagötu 14-16, sem stendur enn í óbreyttri mynd. Göturnar í hverfinu fengu heiti sem vísa til Íslendingasagna.



Mynd 17. Uppdráttur af skipulagi í Norðurmýri frá 1936.⁹⁵

Holt

Á Rauðarárholti tóku að rísa byggingar undir ýmiskonar iðnrekstur þegar um aldamótin 1900 en iðnaðarhverfi má segja að hafi orðið til þar á 3. og 4. áratug 20. aldar. Þá voru iðnaðarhverfi á undanhaldi í austurátt vegna örrar stækkunar bæjarins. Þarna var um áratugaskeið rekin fjölbreytt iðnaðarstarfsemi, einkum við göturnar Þverholt, Einholt, Stakkholt og Brautarholt. Meðal fyrirtækja sem þarna hafa starfað eru *Vinnufatagerð Íslands* sem stofnuð var 1932 og var til húsa í Þverholti, *Hampiðjan* sem stofnuð var 1934 og byggði hús á lóð milli Stakkholts og Brautarholts, *Ofnasmíðjan* sem tók til starfa 1936 við Háteigsveg 7, *Litir og lökk*, sem hóf starfsemi í Einholti 8 árið 1937, *Smjörlíki h.f.*, *Kexverksmiðjan Esja*, *Sól h.f.*, *Pólar*, *Dagblaðið*, *Prentsmiðja Guðjóns Ó.* og fleiri. Á síðustu árum hefur ný atvinnu- og þjónustustarfsemi tekið við þar sem áður var iðnaður.⁹⁶

Íbúðarbyggð tók að rísa á holtinu á heimsstyrjaldarárunum síðari, en þá var húsnæðisskortur mikill í kjölfar fólksflutninga til bæjarins. Árið 1939 gerði Einar Sveinsson skipulagsuppdrætti að hverfi verkamannabústaða á Rauðarárholti og í kjölfarið hóf

⁹⁴ Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur, bls. 11 – Nikulás Úlfar Másson: *Borgarhluti 3. Byggingar og minjar*. Reykjavík 1992, bls. 11 – Guðmundur Gunnarsson: „Starfsumhverfi íslenskra arkitekta á tímabilinu 1930 til 1970. Arkitektatal. bls. 98 – Hverfaskipulag. *Borgarhluti 3. Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*. Hverfakort – Norðurmýri – Rauðarárholt. *Tillaga að hverfaskipulagi 1984-2004*, bls. 3.

⁹⁵ „Skipulag í Norðurmýri.“ Uppdráttur Einars Sveinssonar og Valgeirs Björnssonar, dags. maí 1936. Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

⁹⁶ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjöllnisholt – Stakkholt – Þverholt*, bls. 8-9.

Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík byggingu verkamannabústaða við Háteigsveg norðanverðan, Meðalholt, Einholt og Stórholt. Húsin voru byggð og tekin til afnota í áföngum á árunum 1939-1948. Á árunum 1949-1954 bættust við hús félagsins við Stangarholt (1949-1953), Skipholt og Nóatún (1953-1954). Alls byggði félagið þarna um 60 hús með 244 íbúðum og náði þar því markmiði sínu að bæta úr brýnni húsnaðisþörf yfir 200 fjölskyldna, sem áður bjuggu í heilsuspillandi og ófullnægjandi íbúðum.⁹⁷



Mynd 18. Uppdráttur af skipulagi í Rauðarárholti frá 1948.⁹⁸

Sjómannaskólinn reis einnig á holtinu á stríðsárunum, en byggingu hans var lokið 1945. Bygging Háteigskirkju hófst árið 1957 og var hún vígð á aðventu 1965. Íbúðabyggingin austan til í holtinu, við Hjálmskóli og Vatnsholt, reis um svipað leyti eða í kringum 1964-1965. Athafnasvæðin vestan og norðan til í holtinu hafa verið í áframhaldandi byggingu, breytingu og þróun frá um 1950 fram til dagsins í dag. Byggð austan Rauðarárstígs hefur breyst úr iðnaðar- og vörugæmslusvæði í miðbæjar- og íbúðarsvæði, m.a. með byggingu randbygginga á nýjum íbúðasvæðum milli Rauðarárstígs og Þverholts og Laugavegar, Ásholts og Mjölnisholts. Markmiðið með þessari þéttingu byggðarinnar var að styrkja eldri byggð í nálægð við miðbæinn.⁹⁹


⁹⁷ Ingólfur Kristjánsson: „Saga byggingarfélagsins í fimmtán ár“. *Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík – Fimmtán ára*, bls. 21-22 og 28-40.

⁹⁸ Minjasafn Reykjavíkur: „Skiplag í Rauðarárholti.“ Uppdráttur Einars Sveinssonar og Þórs Sandholt, dags. febrúar 1948. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Rauðarárholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Skipholt – Stórholt – Nóatún. Sótt 18. mars 2013.

⁹⁹ *Hverfaskipulag. Borgarhluti 3. Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*. Hverfakort.

Hlíðar

Hlíðahverfi eða *Hlíðarnar* tóku að byggjast í lok síðari heimsstyrjaldarinnar; fyrst vesturhluti hverfisins. Fyrstu húsin sem byggð voru í hinu fyrirhugaða hverfi voru raðhúsin númer 22-30 og 32-38 við Miklubraut sem reist voru á árunum 1942-1943 eftir teikningum Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsonar. Hús af þeirri gerð voru nýmæli á þeim tíma og gerðu höfundarnir tillögu að byggð slíkra húsa á stærra svæði í þessum hluta Hlíðanna en ekki varð af byggingu þeirra.¹⁰⁰ Skipulagsuppdráttur að íbúðahverfi sunnan Miklubrautar og vestan Lönguhlíðar var gerður 1945 og byggðist sá hluti Hlíðahverfis upp að mestu á árunum 1945-1949.¹⁰¹ Á þeim tíma stóð Reykjavíkurbær einnig fyrir byggingu fjölbýlishúss á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar sem Einar Sveinsson teiknaði og var það liður í að mæta húsnæðisvandannum sem varð í kjölfar hernámsins (Langahlíð 19-25). Mun „Lönguhlíðarblokkin“ hafa verið stærsta fjölbýlishús landsins á sínum tíma.¹⁰²



Mynd 19. Uppdráttur að skipulagi í Hlíðahverfi frá um 1945.¹⁰³


¹⁰⁰ Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, bls. 36.

¹⁰¹ Finnur Kristinnson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 30 – Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi.“ Uppdráttur [án höf.] [ó dags.] Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Hlíðar, Hlíðahverfi. Sótt 18. mars 2013.

¹⁰² Einar Sveinsson: „Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar“. *Morgunblaðið*, 13. október 1948, bls. 10 – Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940 – 1990*. Fyrri hluti, bls. 306.

¹⁰³ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi.“ Uppdráttur [án höf.] [ó dags.] Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Hlíðar, Hlíðahverfi. Sótt 18. mars 2013.

Svæðið austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð byggðist næst, bæði göturnar norðan og sunnan Miklubrautar. Til er samþykktur deiliskipulagsuppráttur að þeim hluta hverfisins frá 1946 og byggðist hann að mestu upp á árunum 1947-1951.¹⁰⁴



Mynd 20. Uppdráttur að Hlíðahverfi austan Lönguhlíðar frá 1946.¹⁰⁵

Byggð í borgarhlutanum hélt áfram að þéttast á 6. og 7. áratugnum og á fyrri hluta 9. áratugarins. Svæðið austan Stakkahlíðar hefur verið í uppbyggingu frá um 1957, en þá var samþykktur heildaruppráttur að stóru svæði í Kringlumýri sem náði allt frá Stakkahlíð austur að Grensásvegi og milli Suðurlandsbrautar og Bústaðavegar.¹⁰⁶ Þar var sýnd lega nýrrar umferðaræðar, Kringlumýrarbrautar, sem á árunum 1960-1970 var lögð þvert suður yfir Kringlumýrina, hér um bil hornrétt á Miklubraut, og niður í Fossvog. Samkvæmt skipulaginu voru reist fjögurra hæða fjölbýlishús meðfram þessum umferðaræðum á árunum 1957-1967, annars vegar við Stigahlíð sunnan Miklubrautar og hins vegar við Bólstaðarhlíð vestan Kringlumýrarbrautar. Einbýlishúsahverfi við Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar var skipulagt í tvennu lagi, fyrst Stigahlíð að austan á 7. áratugnum og síðan Stigahlíð að vestan upp úr 1980.¹⁰⁷ Stofnana og athafnasvæðið suðvestan Skógarhlíðar hefur byggst upp frá 7. áratugnum.¹⁰⁸

¹⁰⁴ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu“. Uppdráttur Einars Sveinssonar, Bolla Thoroddsen og Þórs Sandholt, dags. apríl 1946. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Hlíðar. Sótt 18. mars 2013.

¹⁰⁵ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.: „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu.“ Uppdráttur Einars Sveinssonar, Bolla Thoroddsen og Þórs Sandholt, dags. apríl 1946. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Hlíðar. Sótt 18. mars 2013.

¹⁰⁶ Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 49 og 64.

¹⁰⁷ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi“. Uppdráttur Örnólfs Hall og Aðalsteins Richter, dags. 27.08.1961; „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar“. Uppdráttur Aðalsteins Richter, dags. 18.07.1983. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsupprættir → Leitarorð: Stigahlíð. Sótt 18. mars 2013.

¹⁰⁸ *Hverfaskipulag. Borgarhluti 3. Tún, Holt, Norðurmyri, Hlíðar og Suðurhlíðar*. Hverfakort.



Mynd 21. Svæðið á korti frá 1947. Hér sést að risin eru íbúðarhverfi í Nordurmýri, Raudarárholti vestanverðu og Hlíðum vestan Stakkahlíðar.¹⁰⁹

¹⁰⁹ Hluti af korti Ágústs Böðvarssonar af Reykjavík 1947. Prentað eintak. Minjasafn Reykjavíkur.



Mynd 22. Hlíðarnar að byggjast upp. Loftmynd frá 1946.¹¹⁰

Íbúðahverfið *Suðurlíðar* í suðurlíðum Öskjuhlíðar byggðist upp á fyrri hluta 9. áratugar 20. aldar, en deiliskipulag fyrir hverfið var samþykkt árið 1982. Hverfið var eitt af þeim svæðum sem skilgreind voru sem þéttingarsvæði í skipulagsvinnu borgarinnar í kringum 1980, en þá voru flest ný byggingarsvæði vestan Elliðaáa fullbyggð. Hverfið var skipulagt sem heild og byggðist skipulagið á hugmyndum um vistgötur. Einnig var þar lögð áhersla á að endurskapa andblæ eldri byggðar í nýju hverfi. Neðsti hluti svæðisins var á sama tíma samþykktur sem atvinnulóðir. Nýjustu byggingar í hverfinu eru fjölbýlishús sem risu á fyrrum lóð Landgræðslusjóðs neðst á svæðinu á árunum 2002-2003 (Suðurlíð 38 A-D).¹¹¹

Miklabraut

Umferðaræðin Miklabraut liggur þvert í gegnum borgarhlutann og skiptir Hlíðahverfi í tvennt. Á skipulagsuppráttum af Reykjavík allt frá 1935 var gert ráð fyrir umferðarbraut til austurs í framhaldi af Hringbraut allt að Elliðaárbrúm og árið 1942 var ákveðið að sú gata skyldi heita Miklabraut.¹¹² Menn voru á þessum tíma farnir að velta fyrir sér að þörf væri á annarri aðalbraut út úr bænum en Suðurlandsbraut. Árið 1942 var einnig unnið að breytingum á Hringbraut og gatnamót þar sem Hringbraut, Reykjanesbraut og Miklabraut skyldu mætast

¹¹⁰ Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS LS 32-41.

¹¹¹ Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 106, 158 og 167 – *Hverfaskipulag. Borgarhluti 3. Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurlíðar*. Hverfakort – Pétur H. Ármannsson: *Heimili og húsaagerð 1967-1987*, bls. 77-78.

¹¹² Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 29 – *Morgunblaðið*, 18. ágúst 1936, bls. 6 og 5. apríl 1960, bls. 13 – *Alþýðublaðið*, 4. maí 1942, bls. 2.

nefnd Miklators. Um leið var norðurenda Hringbrautar breytt í Snorrabraut.¹¹³ Árið 1947 hófst vinna við að malarbera Miklubraut og gera hana akfæra allt frá Miklatorsgi austur að Suðurlandsbraut, rétt fyrir neðan Elliðaár. Vinnu við lagningu Miklubrautar lauk árið 1949 og þótti hún mikil samgöngubót fyrir bæinn.¹¹⁴



Mynd 23. Frá framkvæmdum við Miklubraut árið 1957.¹¹⁵

Árið 1957 var ákveðið að ráðast í þá framkvæmd að skipta um jarðveg undir götustæðinu frá Miklatorsgi að Lönguhlíð vegna þess að mælingar þóttu sýna að mýrarjarðvegurinn undir götunni myndi ekki þola aukið umferðaralag í framtíðinni. Um leið var farið í samskonar framkvæmdir við götuna Lönguhlíð. Jarðvegurinn sem kom upp við þessa vinnu var fluttur á Klambratún þar sem hann var látinn þorna og átti að þjóna sem gróðurmold. Við þessar framkvæmdir var Miklubraut breikkuð meðfram Klambratúni og gerð undirgöng undir götuna við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar auk ýmissa annarra umbóta sem miðuðu að auknu umferðaröryggi. Á næstu árum eftir þetta var Miklubraut svo malbikuð smám saman til austurs.¹¹⁶

Klambratún og Kjarvalsstaðir

Á mörkum hverfishlutanna Norðurmýrar, Holta og Hlíða er almenningsgarðurinn Klambratún sem áður hét Miklatún. Á fyrri hluta 20. aldar tilheyrði svæðið að stórum hluta býlunum

¹¹³ Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 29.

¹¹⁴ *Vísir*, 17. júlí 1947, bls. 1 og 6. október 1947, bls. 3 – *Alpýðublaðið*, 21. nóvember 1947, bls. 1 og 15. október 1948, bls. 4 – *Morgunblaðið*, 17. júlí 1947, bls. 1 og 20. ágúst 1949, bls. 1.

¹¹⁵ Ljósmynd. Ljósmyndasafn Íslands, BSK Gamlar myndir 22.

¹¹⁶ *Vísir*, 11. mars 1957, bls. 1 – *Morgunblaðið*, 22. desember 1957, bls. 5 og 2. nóvember 1958, bls. 11.

Klömbrum, Háteigi og Sunnuhvoli. Á Klömbrum var búið allt fram til 1963 og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en 1965. Bæjarsjóður hafði þó leyst til sín land Klambra árið 1946 og frá þeim tíma höfðu verið uppi ýmsar vangaveltur um það hvernig því væri best ráðstafað. Nokkuð mun hafa verið sóst eftir byggingarlóðum þar, m.a. undir veitingahús og gistihús og einnig hafði túnið verið skoðað sem heppilegur staður fyrir ýmsar opinberar byggingar, m.a. nýja skólabyggingu Menntaskólans í Reykjavík, kirkju Háteigssóknar og seinna nýtt ráðhús og leikhús.¹¹⁷ Það var þó gömul hugmynd og vinsæl meðal bæjarbúa að gera skemmtigarð fyrir almenning á túninu.

Þegar verið var að skipuleggja og byggja upp íbúðahverfin í Norðurmýri, Rauðarárholti og Hlíðum var svæðið afmarkað og skilið eftir sem opið svæði. Uppdrættir að Hlíðahverfi frá 1945 og 1946 gerðu ráð fyrir að gatan Reykjahlíð gengi gegnum svæðið frá Háteigsvegi að Eskihlíð og að austan hennar yrði svæði fyrir opinberar byggingar.¹¹⁸ Það gekk ekki eftir og gatan Reykjahlíð er nú beggja megin við Klambratún, annars vegar milli Háteigsvegar og Flókaötu og hins vegar frá Miklubraut að Eskihlíð.

Mikið var rætt um nafnið á túninu en þegar Miklubraut hafði verið lögð meðfram því fór nafnið Miklatún að heyrast oftar meðfram Klambratún snafninu en einnig heyrðust m.a. nöfnin Háteigstún og Hlíðatún.¹¹⁹ Þegar endurbæturnar voru gerðar á Miklubraut um miðjan 6. áratuginn hófust aftur miklar umræður um framtíð Klambratúns.

Vorið 1957 blés bæjarráð Reykjavíkur til hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni. Tilgangurinn var að fá úr því skorið hvort byggja ætti á svæðinu eða halda því óbyggðu og gera það að almenningsgarði. Þrjár tillögur hlutu verðlaun og þóttu samræmast best þeirri hugmynd dómnefndarinnar að Klambratún yrði „aðlaðandi og fjölbreytilegt garðsvæði, þar sem almenningur g[æ]ti notið hvíldar og skemmtunar í rólegu og fögru umhverfi.“¹²⁰ Framkvæmdir á túninu töfðust þó, meðal annars vegna gatnagerðaframkvæmdanna við Miklubraut, en jarðvegurinn sem þar kom upp átti þó eftir að nýtast vel til upphækkunar garðsins. Þetta leiddi þó til þess að í fimm ár var meira og minna stöðugt moldrok í Hlíðahverfi og Norðurmýri sem olli íbúunum óþægindum og ama.¹²¹

Upp úr 1960 ákvað bæjarstjórnin loks að hefja skyldi undirbúning að almenningsgarði á Klambratúni. Þá var horfið frá því að fylgja tillögunum úr samkeppninni 1957 því viðhorf til svæðisins var breytt. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum seinna eða 1964 sem samþykktur var nýr skipulagsuppdráttur að skruðgarði á Klambratúni sem Reynir Vilhjálmsson, sem þá

¹¹⁷ Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 443 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013 – *Morgunblaðið*, 24. febrúar 1957, bls. 9 og 30. janúar 1957, bls. 10 – *Tíminn*, 17. september 1957, bls. 5 – *Alþýðublaðið*, 8. september 1957, bls. 1.


¹¹⁸ Skjalasafn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur: „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi.“ Uppdráttur [án höf.] [ó dags.]; „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu.“ Uppdráttur Einars Sveinssonar, Bolla Thoroddsen og Þórs Sandholt. dags. apríl 1946. Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Hlíðar, Hlíðahverfi. Sótt 18. mars 2013.

¹¹⁹ *Morgunblaðið*, 2. ágúst 1953, bls. 1 og 25. ágúst 1953, bls. 8 – *Tíminn*, 27. mars 1953, bls. 7.

¹²⁰ *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 1. október 1957, bls. 72 – Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 443-445 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013.

¹²¹ Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 445 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013.

var nýtskrifaður landslagsarkitekt, vann í samstarfi við Hafliða Jónsson garðyrkjustjóra Reykjavíkur, en Reynir hafði átt eina af þeim þremur tillögum sem verðlaunaðar voru 1957.¹²² Samkvæmt nýju tillögunni var m.a. gert ráð fyrir húsi norðanvert í garðinum sem í væru m.a. sýningaraskáli og veitingahús. Sunnan við veitingahúsið átti að vera hellulagt svæði fyrir útiveitingar. Þar áttu einnig að vera nokkrar tjarnir, m.a. vaðtjörn fyrir börn að leika sér í. Vestan sýningarhússins átti að vera höggmyndagarður og garður sem hannaður yrði með þarfir blindra og sjónskertra í huga. Einnig var gert ráð fyrir gæsluvelli og leiksvæðum í suðvesturhorni garðsins. Einn veigamesti punktur garðsins skyldi vera stytta af Einari Benediktssyni sem afhjúpuð hafði verið á Klambratúni í tilefni af aldarafmæli skáldsins árið 1964. Annar veigamikill punktur var skálarlaga svæði í norðausturhorni garðsins þar sem gert var ráð fyrir samkomustað á sumrin og jafnvel skautasvelli á veturna. Vestan þess var afmarkað athafnasvæði fyrir starfsfólk svæðisins. Nær Lönguhlíð var gert ráð fyrir stórum leikvelli fyrir boltaleiki, þar sem einnig mætti halda áramótabrennu. Stígar garðsins áttu að vera hellulagðir eða malarbornir. Hugmyndir að garðinum voru sóttar til Norðurlanda og þóttu nútímalegar á sínum tíma.¹²³



Mynd 24. Uppdráttur Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar að skipulagi á Klambratúni frá 1964.¹²⁴

¹²² Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 445-447 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013 – *Vísir*, 7. október 1960, bls. 1 – *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, bls. 10 og 14.

¹²³ Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 447 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013 – *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, bls. 10 og 14.

¹²⁴ Hér tekið eftir: *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, bls. 10.



Mynd 25. Svæðið á loftmynd frá 1954.¹²⁵

Eftir að ákveðið var að gera almenningsgarð á Klambratúni þótti mörgum nafnið Klambratún ekki hæfa og urðu þá nokkrar umræður um nafnið og sýndist sitt hverjum. Garðyrkjustjóri lagði m.a. til að staðnum yrði valið annað heiti en Klambratún. Aðrir bentu á söguleg tengsl þó að Klambrar og Klambratún væru að vísu ekki mjög gömul heiti á þessum stað. Nafnanefnd borgarinnar gerði tillögu um nöfnin Miklatún og Mikligarður og árið 1964 tók borgarráð þá ákvörðun að nefna túnið Miklatún í samræmi við heiti Miklubrautar. Nafnið Klambratún lifði þó áfram og var notað meðfram nafninu Miklatún en eins og kunnugt er var því formlega breytt í Klambratún árið 2010.¹²⁶

Árið 1965 samþykkti borgarráð að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna sem staðsett skyldi á Miklatúni. Þá voru einnig samþykktir uppdrættir Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts að húsinu, sem var skipulagt sem tvær aðalbyggingar með tengibyggingu. Var önnur aðalbyggingin sérstaklega ætluð til sýningar á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara og skyldi byggingin tengd nafni hans. Tilkynnt var um þessa ákvörðun á átræðisafmæli Kjarvals í október þetta ár og á 180 afmæli Reykjavíkurborgar í ágúst árið eftir tók Kjarval sjálfur fyrstu skóflustunguna að húsinu, sem þá var búið að ákveða að nefna *Kjarvalsstaði*.¹²⁷ Framkvæmdir við byggingu hússins fóru að mestu fram 1968-1969 en unnið

¹²⁵ Vefur: Borgarvefsja. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954 (loftmynd). Sótt 26. apríl 2013.

¹²⁶ *Vísir*, 3. nóvember 1964, bls. 8 og 10. september 1964, bls. 10 – *Morgunblaðið*, 9. september 1964, bls. 6 og 5. nóvember 1964, bls. 25 – Bragi Bergsson: „Almenningagarðar á Íslandi“, bls. 453-455.

¹²⁷ *Morgunblaðið*, 15. október 1965, bls. 1 og 31 og 27. mars 1973, bls. 14-15 – *Þjóðviljinn*, 15. október 1965, bls. 1.

var að því að fullgera það til 1973. Það var svo formlega vígt og tekið í notkun 24. mars 1973 með opnun stórrar sýningar á verkum Kjarvals.¹²⁸

Stefnt hafði verið að því að almenningsgarðurinn á Miklatúni yrði fullkláraður árið 1968 og átti vígsluhátíð að fara fram á afmælisdegi Reykjavíkur 18. ágúst það ár. Þó fór svo að ekki var þá lokið öðru en að leggja göngustíga og planta trjám, en bærinn keypti mikinn fjölda trjáa frá gróðrarstöð Sigurbjörns Björnssonar í Fossvogi, sem þurfti að víkja vegna skipulags á þessum tíma, og flutti í garðinn. Einnig var búið að grafa út skálina í norðausturhorni garðsins. Þegar Kjarvalsstaðir voru vígðir voru framkvæmdirnar þó komnar lengra í áttina að því sem hugmyndir Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar gengu út á en garðurinn hefur þó aldrei verið fullkláraður eftir tillögu þeirra.¹²⁹



Mynd 26. Horft suðvestur yfir Rauðarárholt, Klambratún, Hlíðar og Vatnsmýri á loftmynd frá um 1970-1975.¹³⁰

Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarður


Nýjum kirkjugarði sem taka skyldi við af Hólavallagarði sem aðalkirkjugarður Reykjavíkur, var valið staði í landi Reykjavíkurbæjar við Fossvog, sunnan í Öskjuhlíð, árið 1929. Árið 1931 voru teikningar að kirkjugarðinum og girðingu um hann samþykktar af byggingarnefnd

¹²⁸ *Morgunblaðið*, 25. mars 1973, bls. 1 og 27. mars 1973, bls. 14-15 – *Vísir*, 26. mars 1973, bls. 3 – *Tíminn*, 27. mars 1973, bls. 3.

¹²⁹ Bragi Bergsson: „Almenningsgarðar á Íslandi“, bls. 449-453 – Bragi Bergsson: „Miklatún“. *Hugsandi* – vefrit, 2. mars 2009. Vefslóð: <http://hugsandi.is/> → Ritsafn → mars 2009 → 2: Miklatún. Sótt 18. mars 2013 – *Tíminn - Sunnudagsblað*, 29. september 1968, bls. 749-751.

¹³⁰ Ljósmynd. Ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S91 15 13.

Reykjavíkur. Fossvogskirkjugarður var síðan vígður í september 1932 um leið og jarðsettir voru þar Gunnar Hinriksson vefari og Ólafur Þorkelsson, unglingspiltur sem látist hafði í bílslysi við Þóroddsstaði.¹³¹ Árið 1948 var Fossvogskirkja vígð sem grafarkirkja fyrir Fossvogskirkjugarð. Tveimur árum síðar var duftgarðurinn í Fossvogi tekinn í notkun. Á miðju ári 1982 var búið að nýta allt land innan marka garðsins og var þá öll nýgreftrun færð yfir í Gufuneskirkjugarð. Árið 1987 var tekið í notkun viðbótarsvæði vestast í garðinum og fékkst með því rúm fyrir 3900 grafir í viðbót. Haustið 1994 var vígður duftreitir fyrir fóstur á svæði sunnanvert í garðinum og 2. október 2009 var tekinn í notkun nýr duftgarður, Sólland, í hlíðinni ofan við kirkjugarðinn, þar sem áður voru tún býlisins Leynimýrar.¹³²



Mynd 27. Öskjuhlöð og Vatnsmýri á loftmynd frá 1942.¹³³

¹³¹ Þórir Stephensen: „Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma. Saga þeirra og starfsemi frá upphafi kristni á Íslandi og til ársloka 1951“, bls. 31-34. Vefur KGRP (Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma). Vefslóð: <http://www.kirkjugardar.is/sida.php>. Sótt 15. apríl 2013 – *Morgunblaðið*, 2. september 1952, bls. 7.

¹³² Vefur: Gardur.is. Vefslóð: <http://www.gardur.is/index.php> → Kirkjugarðar → Fossvogskirkjugarður → Söguágrip. Sótt 15. apríl 2013.

¹³³ Hluti úr þýskri njósnamynd sem tekin var 15. október 1942. Landmælingar Íslands.

Samkvæmt skipulagshugmyndum fyrir Reykjavík sem settar voru fram 1937 var gert ráð fyrir stóru íþróttasvæði fyrir Reykvíkinga vestanvert í Öskjuhlíð. Á flatlendinu vestan hlíðarinnar áttu að vera margskonar íþróttavellir og áhorfendasvæði í hlíðarhallanum.¹³⁴ Þessi hugmynd varð að víkja með hernáminu og gerð flugvallar og braggahverfa á svæðinu. Á skipulagsupprætti frá 1948 var íþróttasvæðið flutt inn í Laugardal og í staðinn gert ráð fyrir íbúðarbyggð meðfram vesturhlíðinni og hélst sú hugmynd í skipulagi fyrir Reykjavík fram yfir 1960.¹³⁵

Árið 1940 var fyrsti hitaveitugeymirinn reistur á kalli Öskjuhlíðar á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og síðan sex að auki næstu ár. Árið 1966 bættust við tveir geymar til viðbótar austur af gömlu geymunum. Þessir geymar voru allir rifnir á árunum 1986-1987 og núverandi geymar reistir. Útsýnishúsið Perlan sem byggt var ofan á hitaveitugeymunum var tekið í notkun árið 1991.¹³⁶

Upp úr 1950 var hafin tilraun með uppgræðslu í Öskjuhlíð þegar bæjarstjórn samþykkti áætlun um uppgræðslu hlíðarkollsins og gróðursetningu trjáplantna suðvestan í hlíðinni. Nú er samfelldur skógur í vestur- og suðurhlíð Öskjuhlíðar og skóglendi ríkjandi gróðurfar þar.¹³⁷



Mynd 28. Horft frá Öskjuhlíð yfir Hlíðar, Klambratún og Rauðarárholt árið 1946. Þóroddsstaðir eru fremst á myndinni og Sjómannaskólinn í baksýn. Hlíðahverfið er að rísa.¹³⁸

¹³⁴ Trausti Valsson: *Reykjavík – Vaxtarbroddur*, bls. 48-49 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, bls. 50 – Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Valssvæði og umhverfi*, bls. 3.

¹³⁵ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 50.

¹³⁶ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 35.

¹³⁷ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 9 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 207.

¹³⁸ Ljósmynd. Þorsteinn Jósefsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS 1 793.

Nauthólsvík varð vinsæll sjó- og sólbaðsstaður á 6. áratug 20. aldar. Ýmislegt var gert til að bæta aðstöðu sólbaðsunnenda í vikinni á þeim tíma og m.a. gerðar fjórar hvilftir í landið vestan hennar og U-laga torfveggur norðan hennar. Um 1960 var skeljasandi dælt í víkina. Eftir miðjan 7. áratuginn lögðust sjóböð af í Nauthólsvík vegna mengunar en hafa aftur öðlast vinsældir síðustu ár eftir umbætur á baðaðstöðunni. „Heiti lækurinn“ svokallaði sem rann í Nauthólsvík var áður einnig vinsæll baðstaður á 8. og 9. áratugnum, bæði að nóttu sem degi. Í hann var veitt yfirfallsvatni frá hitaveitugeymunum í Öskjuhlíð en því var hætt snemma á 10. áratugnum.¹³⁹

Fyrsta heildarskipulag Öskjuhlíðar var gert árið 1972. Þá var m.a. gerð tillaga um grasagarð í brekkunni norðvestan í hlíðinni og leikvelli á þremur stöðum sunnan í henni. Stígagerð og gróðursetning hefur í grófum dráttum verið samkvæmt þessu skipulagi, en aðrir þættir þess hafa ekki komið til framkvæmda.¹⁴⁰

Í gegnum tíðina hefur verið sóst eftir byggingarlandi undir margskonar starfsemi í Öskjuhlíð, m.a. golfvöll, tjaldsvæði, heilsurækt, hótél, veitingarekstur og fleira sem ekki hefur hlotið samþykki borgaryfirvalda. Meðal mannvirkja sem hins vegar hafa verið samþykkt í Öskjuhlíð á síðustu áratugum eru Keiluhöllin, bækistöð Flugbjörgunarbjörgunarsveitarinnar við Flugvallarveg, Perlan, bensínstöð Skeljungs í norðurhlíðinni, líkkistuvinnustofa í Leynimýri, Bústaðavegur og nú síðast nýtt hús Háskólans í Reykjavík sem reist var við Nauthólsvík á árunum 2007-2009 og tekið í notkun í lok árs 2010 og barnaskóla- og leikskólabyggingar Hjallastefnunnar að Nauthólsvégi 87 sem teknar voru í notkun 2008 og 2009.

¹³⁹ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 34-35.

¹⁴⁰ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 50-51.

2. Skráning menningarminja í borgarhluta 3 – Hlíðum

2.1 Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹⁴¹

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

¹⁴¹ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngríp og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Frankvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Minjasafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2013) eru um 2100 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi jarðanna Arnarhóls (181287- 7), Rauðarár (181289-9), Reykjavíkur (181285- 5), Laugarness (181165-230) og Skildinganes (181156- 220).

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsupprætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.¹⁴² Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Minjaflokkar

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---------|--|--------------|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður |
| 2 | Minjar frá 1914-1930 | Gulur |
| 3 | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár |

¹⁴² Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.


2.3 Borgarhluti 3 – Hlíðar – Fornleifaskráning og varðveislumat fornleifa og yngri minja

Minjar á þessu svæði tilheyra jörðunum Arnarhóli (181287-7), Rauðará (181289-9), Reykjavík (181285-5), Laugarnesi (181165-230) og Skildinganesi (181156-220). Á rannsóknarsvæðinu eru 150 minjastaðir skráðir og eru þeir flokkaðir í þrjá hópa eftir aldri auk þess sem herminjar eru í sérstökum flokki, sjá töflu 1.

Tafla 1. Skráðar minjar í borgarhluta 3 - Hlíðum.


| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi |
|---------|--|--------------|------------|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður | 30 |
| 2 | Minjar frá 1914-1930 | Gulur | 16 |
| 3 | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn | 20 |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár | 84 |
| | Samtals | | 150 |

Allar minjar eru staðsettar á korti, sjá myndir 29 og 30.



Mynd 29. Kortið sýnir dreifingu skráðra minja á norðurhluta svæðis í borgarhluta 3.¹⁴³

¹⁴³ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.



Mynd 30. Kortið sýnir dreifingu minja á suðurhluta svæðis í borgarhluta 3.¹⁴⁴

2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 3

Fornleifar í borgarhluta 3 eru 30 talsins, sjá töflu 2. Elsta heimild um notkun á jarðnæði á þessu svæði er frá árinu 1703 á stað sem nefndur er Víkursel (5-159). Nafngiftin bendir til seljabúsakapar þar. Helgi M. Sigurðsson sagnfræðingur rannsakaði sögu selsins og ritaði eftirfarandi:

Elsta ritaða heimild um seljabúskap Reykjavíkurbænda er eignaskrá, öðru nafni máldagi, frá 1379. Er selið þar sagt vera í Víkurholti, sem gæti verið eldra nafn á Öskjuhlíð en einnig eru getgátur um að það hafið verið Skólavörðuholt. Staðsetning selsins framan af er þannig óljós. Selin gætu raunar hafa verið fleiri en eitt og vísast hafa þau verið flutt til í aldanna rás.

Í máldögum frá 1397 og 1505 er ekki getið um selið. Ekki er þó ástæða til að álykta að seljabúskapur hafi legið niðri á því tímabili, því máldagarnir er mjög fáorðir um búskaparefni.

Víkursel kom við sögu atburða sem gerðust nálægt aldamótum 1600 og vörðuðu tildrög hjúskapar. Séra Gísli Einarsson, hálfbróðir Odds biskups, „fékk lítilmótlega giftingu, átti mörg börn, en erfitt bú og hjónaband.“ Kona hans var Þórey Narfadóttir bónda í Reykjavík. Frá því er greint að Gísli, þá óvígður, hafi átt leið um Mosfellsheiði og náttað í Víkurseli. Var Þórey í selinu en smalamaður fór heim um nóttina og tilkynnti Narfa bónda mannkomuna. Hann brá við skjótt og var kominn snemma næsta morgun til selsins að óvörum komumanni, gekk hart fram og neyddi


¹⁴⁴ Grunnur úr Landsupplýsingarkerfi Reykjavíkur.

Gísla til að taka Þóreyju að sér og ekta hana. Klemens Jónsson, skrásetjari Reykjavíkursögu 1929, dró þá ályktun af frásögn þessari að selið hafi verið undir Mosfellsheiði. En hann hefur í raun ekki á miklu að byggja í því efni.

Elsta heimildin sem með vissu greinir frá því að Víkursel hafi verið í Öskjuhlíð er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Selsins er getið á eftirfarandi hátt: „Selstaða er jörðinni eignuð þar sem heitir Víkursel undir Undirhlíðum; sumir kalla það gamla Víkursel; þar hefur jörðin brúkað hrís til eldiviðar fyrir selsins nauðsyn.“ Undirhlíðar voru Öskjuhlíð sunnan- og vestanverð. Athyglisvert er að hér er talað um „gamla Víkursel.“ Það styður þá ályktun að löng hefð hafi verið fyrir selinu á þessum stað.

Skýrasta lýsingin á staðsetningu Víkursels er frá upphafi 19. aldar, um það leyti sem það var lagt niður. Kona að nafni Elín Þórðardóttir, Sighvatssonar í Hlíðarhúsum, var síðasta selráðskonan í Víkurseli. Árið 1828 var hún beðin að gefa vitnisburð um landamerki milli Reykjavíkur og Skildinganness og sagði þá meðal annars: „Sel hafði faðir minn og allir hans forfeður vestan og sunnan undir Öskjuhlíð...“ Þessi vitnisburður færir okkur talsvert áleiðis.¹⁴⁵

Bjarni F. Einarsson fornleifafraeðingur skráði Víkursel í fornleifaskrá Reykjavíkur og staðsetti það vestur undir Öskjuhlíð, en að hans mati voru fornleifarnar ógreinilegar og ekki hægt með vissu að skera úr um hvort um sel væri að ræða. Það sem styrkir þá tilgátu að þetta sé Víkursel eru umhverfisaðstæður, það er að segja lækurinn og beitolandið sem hefur verið gott þarna í kring, auk þess sem stekkur er ekki fjarri.¹⁴⁶ Í dag (2013) eru rústir Víkursels skógi vaxnar en þau tré þyrfti að fjarlægja.



Mynd 31. Rústir Víkursels 5-159, skógi vaxnar.¹⁴⁷

¹⁴⁵ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 23-24.

¹⁴⁶ Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.

¹⁴⁷ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

Tafla 2. Fornleifar – Borgarhluti 3, Hlíðar.¹⁴⁸

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Ástand | Gata/nr. | Aldur | Horfin |
|---------|------------------------------|------------------------------|-----------|----------|-----------------|-----------|--------|
| 5-104 | Eskihlíð | Býli | Hús | Gott | Eskihlíð 2-4 | 1892 | Nei |
| 5-106 | | Troðningur | Vegur | Slæmt | Öskjuhlíð | 1800 | Já |
| 5-149 | Skildinganesstekkur? | Stekkur | Tóft | Gott | Öskjuhlíð | ~1850 | Nei |
| 5-150 | | Stekkur | Tóft | Gott | Öskjuhlíð | ~1850 | Nei |
| 5-151 | | Fjárborg | Tóft | Gott | Öskjuhlíð | ~1850 | Nei |
| 5-152 | | Náma | Náma | Slæmt | Öskjuhlíð | 1913 | Nei |
| 5-153 | Leynimýri | Bústaður | Heimild | Ómetið | Varmahlíð | 1900-1989 | Já |
| 5-155 | | Samkomustaður | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1874 | Já |
| 5-156 | Öskjuhlíðarvegur | Troðningur | Vegur | Sæmilegt | Öskjuhlíð | 1870 | Nei |
| 5-157 | Beneventum | Samkomustaður | Grasflöt | Ómetið | Öskjuhlíð | 1850 | Já |
| 5-158 | | Fjánhús | Tóft | Gott | Öskjuhlíð | 1850 | Nei |
| 5-159 | Víkursel (Öskjuhlíðarsel) | Sel | Tóft | Slæmt | Öskjuhlíð | 1703 | Nei |
| 5-160 | | Landamerki | Áletrun | Gott | Öskjuhlíð | 1839 | Nei |
| 5-215 | Litla-Öskjuhlíð | Útivistarsvæði Skíðasvæði | Heimild | Ómetið | Háhlíð | 1910 | Já |
| 5-506 | Hafnarsmiðjan | Vélsmiðja | Heimild | Ómetið | Hringbraut | 1913-1947 | Já |
| 5-514 | Háteigur eldri | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Háteigsvegur 36 | 1907-1921 | Já |
| 9-28 | | Náma | Náma | Slæmt | Skipholt 50 | 1913 | Nei |
| 9-30 | Hlemmur | Brú | Heimild | Ómetið | Laugavegur 107 | 1885 | Já |
| 9-32 | Sunnuhvoll | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Háteigsvegur | 1906-1960 | Já |
| 220-104 | Nauthóll | Bústaður | Bæjarhóll | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-106 | Nauthóll | Útihús | Tóft | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-107 | Nauthóll | Útihús | Tóft | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-108 | Nauthóll | Matjurtagarður | Garður | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-109 | Nauthóll | Matjurtagarður | Garður | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-110 | Nauthóll | Matjurtagarður | Garður | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-111 | Nauthóll | Túngarður | Garður | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Nei |
| 220-112 | Nauthóll | Útræði | Heimild | Slæmt | Nauthólsvegur | 1850 | Nei |
| 220-113 | Nauthóll | Vatnsból | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1850-1902 | Já |
| 220-115 | Nauthóll | Mógröf | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1903 | Já |
| 220-116 | Nauthóll | Mógröf | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1903 | Já |
| 230-59 | Finnbogahús | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Bolholt 8 | 1900 | Já |

Fornleifarnar sem tilheyra gamla bændasamfélaginu eru frá 19. öld eða eldri. Það eru stekkir (**5-149** og **5-150**), fjárborg (**5-151**) og fjánhús (**5-158**) og eru allar þessar minjar í Öskjuhlíðinni. Á bæjarhól Nauthóls og í nágrenni eru skráðar 11 fornleifar (mynd 32). Bærinn Nauthóll var í byggð á árunum 1850-1902 en þá kom upp taugaveiki þar og í framhaldi var hann brenndur. Til eru kort af bæjarstæði Nauthóls frá árunum 1903 og 1933 en á þeim eru

¹⁴⁸Fornleifaskrá Minjasafns Reykjavíkur í gagnagrunni Sarps, sótt 01.09.2013.

garðar og leifar húss mjög greinilegar (sjá mynd 5 og 33). Rutt hefur verið úr rústum bæjarhúsanna (220-104) og er tóftin því ekki greinileg í dag (2013).



Mynd 32. Bæjarstæði Nauthóls og þekktar fornleifar þar í kring.¹⁴⁹




Mynd 33. Korti af Nauthól frá 1933 hefur verið varpað yfir loftmynd frá 2012 úr LUKR.¹⁵⁰ Staðsetning húsanna og matjurtagarðanna er nokkuð ljós. Númer eiga við fornleifaskrá; rauðir punktar eru fornleifar en bláir punktar eru herminjar.

¹⁴⁹ Loftmynd úr LUKR 2012 ásamt minjastöðum samkvæmt fornleifaskrá.

¹⁵⁰ Hluti af korti Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, sem hér er tekið eftir afriti á Minjasafni Reykjavíkur varpað á kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

Vegna byggingar Háskólans í Reykjavík fór fram fornleifarannsókn á hluta af bæjarhól Nauthóls árið 2007. Rannsókuð var rúst **220-107** og reyndust þar vera leifar útihúss og girðingar frá seinni hluta 19. aldar.



Mynd 34. Teikning af rúst **220-107** á Nauthól, þar sem gráir steinar afmarka útlínur útihúss en bláir steinar afmarka girðingu.¹⁵¹

Á 19. öld var Öskjuhlíðin notuð sem samkomustaður af skólapiltum Lærða skólans og kölluðu þeir samkomustað sinn Beneventum (**5-157**). Nafnið er latneskt og merkir: „Staður þar sem gott er að koma.“¹⁵² Ekki er með fullu ljóst hvar staðurinn var en líklega hefur það verið vestan undir klettastöllum í vesturhlíðinni. Annar samkomustaður var síðan efst á Öskjuhlíðinni (**5-155**) en þar var minnst 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1874.¹⁵³



Mynd 35. Landamerkjasteinn (**5-160**) í Öskjuhlíð.¹⁵⁴

¹⁵¹ Hér tekið eftir: Oscar Aldred: *Excavations at Nauthóll 2007*, bls. 6.

¹⁵² Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 29.

¹⁵³ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 29-30 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), bls. 206-207.

¹⁵⁴ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

Landamerkjasteinnn (5-160) er í Öskjuhlíðinni en hann er kominn til vegna deilna um landamerki á milli jarðanna Reykjavíkur og Skildinganes. Þegar þessi deila leystist var ákveðið að merkja þrjá steina á landamerkjum með áletruninni “Landmerke” og ártalinu 1839; í Öskjuhlíð, á Skildinganeshólum og Lambhól.¹⁵⁵

Grjótnám í Öskjuhlíð og Rauðárholti var fyrst í litlu magni, en þangað sóttu steinsmiðir fyrir á öldum grjót til húsagerðar.¹⁵⁶ Þegar bygging Reykjavíkurhafnar hófst 1913 var grjót og mól sótt í næstu holt og hæðir, þar á meðal Öskjuhlíð (5-152). Til að flytja grjótið og mölina sem þurfti til við hafnargerðina var lögð 12 kílómetra löng járnbraut í hálfhring um bæinn. Með járnbrautinni var hægt að fara samtals 25 ferðir á dag með efni en vagnar í hverri lest voru 17-22 að tölu.¹⁵⁷ Birgðastöð og skýli fyrir lestarnar var nefnd Hafnarsmiðjan og var hún þar sem áður var Miklatorg en í dag (2013) eru mislæg gatnamót Bústaðavegar og Miklubrautar (5-506) á þeim stað.¹⁵⁸



Mynd 36. Lega járnbrautarinnar frá tíma hafnargerðarinnar sett á kortagrunn frá 2013. Rauða línan sýnir leið járnbrautanna.¹⁵⁹

¹⁵⁵ Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 26

¹⁵⁶ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 184 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 31.

¹⁵⁷ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 324-324 – Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð. Náttúra og saga*, bls. 31.

¹⁵⁸ *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*.

¹⁵⁹ Samsett mynd úr grunni LUKR og korti úr *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*.



Mynd 37. Hús Hafnarsmiðjunnar árið 1946. Landspítali í baksýn.¹⁶⁰

Úthlutun á landi fyrir erfðafestubýli hófst í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar og voru nokkur erfðafestubýli reist á svæðinu sem hér um ræðir. Þau þeirra sem risu fyrir 1914 eru Eskihlíð (5-104), Leynimýri (5-153), Háteigur (5-514), Sunnuhvoll (9-32), og Finnbogahús (230-59) og teljast þau því til fornleifa. Uppúr aldarmótum var Norðurmýrin og svæðið í kringum Rauðará að Þvottalaugum tekið undir ræktunarland en reynt var að halda Vatnsmýrinni óskertri sem beutiland fram til ársins 1909.¹⁶¹

2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 3

Skráðir minjastaðir frá tímabilinu 1914-1930 eru 16 talsins í borgarhluta 3. Þeir eru frá þeim tíma þegar landnotkun byggðist á úthlutun erfðafestubletta í Vatnsmýri, Norðurmýri og Kringlumýri. Á þessu tímabili voru Pólarnir byggðir við Laufásveginn, sem þá teygði sig í átt að Öskjuhlíð, en þeir voru bráðabirgðahúsnæði fyrir húsnæðislaust fólk. Einnig voru á þessum tíma reistir vatnstankar í Rauðarárholti. Þau erfðafestubýli sem enn standa frá þessu tímabili eru Hlíðarendi, Þóroddsstaðir og Háteigur (yngri), auk þess sem enn er sýnilegt stakkstaðið á Rauðarárholti við Háteigskirkju, sjá töflu 3.

Tafla 3. Minjar frá 1914-1930 – Borgarhluti 3, Hlíðar.

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Ástand | Gata/nr. | Aldur | Horfin |
|-------|---------------------------------|----------------|---------|--------|---------------|-----------|--------|
| 5-213 | Pólarnir | Íbúðahverfi | Heimild | Ómetið | Bústaðavegur | 1916-60 | Já |
| 5-329 | Klambrar, | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Klambratún | 1926-1965 | Já |
| 5-330 | Sigurlaugarstígur | Stígur | Heimild | Ómetið | Klambratún | 1926-1965 | Já |
| 5-331 | Skaftastígur | Stígur | Heimild | Ómetið | Klambratún | 1926-1965 | Já |
| 5-398 | Hlíðarendi, Vatnsmýrabl. 14 | Erfðafestubýli | Hús | Gott | Bústaðavegur | 1914- | Nei |
| 5-399 | Hjarðarholt, Vatnsmýrabl. 19 | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Skógarhlíð 12 | 1928-2000 | Já |

¹⁶⁰ Ljósmynd. Ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÁBS S88 1 018.

¹⁶¹ Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 44.

| | | | | | | | |
|--------|----------------------------------|----------------|-------------|--------|------------------|-----------|-----|
| 5-421 | Gullholan | Borhola | Heimild | Ómetið | Hringbraut | 1922 | Já |
| 5-509 | Reykjahlíð | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Stakkahlíð | 1923-1964 | Já |
| 5-512 | Breiðholt, Vatnsmýrabl. 12 | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Skógahlíð 12 | 1925-1989 | Já |
| 5-513 | Vatnstankar Rauðarárholti | Vatnsgeymir | Vatnsgeymir | Gott | Háteigsvegur 43 | 1915 | Nei |
| 5-514 | Háteigur yngri | Erfðafestubýli | Hús | Gott | Háteigsvegur 36 | 1921 | Nei |
| 5-516 | Þóroddsstaðir | Erfðafestubýli | Hús | Gott | Skógarhlíð 22 | 1927 | Nei |
| 9-29 | | Stakkstæði | Stakkstæði | Gott | Rauðarárholt | 1920 | Nei |
| 230-55 | Fagridalur, Kringlumýrabl. 10 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 70 | 1929 | Já |
| 230-56 | Hlíðardalur, Kringlumýrabl. 9 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 66 | 1929 | Já |
| 230-58 | Helgadalur, Kringlumýrabl. 7 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Háaleitisbraut 1 | 1928 | Já |

Skráðir minjastaðir frá því eftir 1930 eru 20 talsins í borgarhluta 3. Um 1930 var búið að skipta allri Vatnsmýrinni upp í erfðafestulönd. Öskustígur (5-427) var vegur sem lá frá Öskjuhlíð og vestur að Loftskýtastöðinni við Suðurgötu og skipti mýrinni í tvennt. Hluti af Öskustíg er enn sjáanlegur inni við Njarðargötu, sjá töflu 4. Mýrin var nýtt til ræktunar þar til hún var tekin undir Reykjavíkflugvöll árið 1940. Um 1929 var Kringlumýrablettum úthlutað en það voru mun smærri blettir en áður hafði verið úthlutað á erfðafestu.¹⁶² Öll býli sem reist voru eftir 1930 á þessu blettum eru horfin í dag nema Efríhlíð (Stigahlíð 68).

Tafla 4. Minjar frá 1930 og yngri – Borgarhluti 3, Hlíðar.

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Ástand | Gata/nr. | Aldur | Horfin |
|--------|--------------------------------------|----------------|---------|--------|---------------------|-----------|--------|
| 5-154 | Sólland, Leynimýri 2 | Bústaður | Heimild | Ómetið | Suðurhlíð | 1930-2007 | Já |
| 5-243 | | Vegur | Vegur | Gott | Öskjuhlíð | 1930 | Nei |
| 5-330 | Sigurlaugarstígur | Stígur | Heimild | Ómetið | Klambratún | 1926-1965 | Já |
| 5-331 | Skaftastígur | Stígur | Heimild | Ómetið | Klambratún | 1926-1965 | Já |
| 5-413 | Vatnsmýrablettur 18 | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Flugvallarvegur | 1930-1942 | Já |
| 5-422 | Vatnsmýrablettur 3 | Jarðrækt | Heimild | Ómetið | Nýja Hringbraut | 1930 | Já |
| 5-423 | Vatnsmýrablettur 16 | Jarðrækt | Heimild | Ómetið | Nýja Hringbraut | 1930 | Já |
| 5-424 | Vatnsmýrablettur 15 | Jarðrækt | Heimild | Ómetið | Nýja Hringbraut | 1930 | Já |
| 5-427 | Öskustígur-Öskuvegur | Vegur | Vegur | Gott | Reykjavíkflugvöllur | 1930 | Nei |
| 5-507 | Golfskáli Golfklúbbs Íslands | Hús | Heimild | Ómetið | Veðurstofuvegur | 1937 | Já |
| 5-510 | Litla-Hlíð, Norðurmýrablettur 33 | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Hörgshlíð 2 | 1933 | Já |
| 5-511 | Varmahlíð, Norðurmýrablettur 32 | Erfðafestubýli | Heimild | Ómetið | Hamrahlíð 10 | 1932 | Já |
| 5-515 | Efríhlíð, Norðurmýrablettur 35 | Erfðafestubýli | Hús | Gott | Stigahlíð 68 | 1937 | Nei |
| 9-33 | Hraun | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 35 | 1930 | Já |
| 9-34 | Hamar | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 36 | 1930 | Já |
| 9-35 | Berg | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 37 | 1930 | Já |
| 230-55 | Fagridalur, Kringlumýrablettur 10 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 70 | 1929 | Já |
| 230-56 | Hlíðardalur, | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 66 | 1929 | Já |

¹⁶² Kort af erfðafestublettum í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni 5. apríl 1955. Afrit Minjasafn Reykjavíkur.

| | | | | | | | |
|--------|-------------------------------------|-----------|---------|--------|-----------------|------|----|
| | Kringlumýrablettur 9 | | | | | | |
| 230-57 | Höfn, Kringlumýrablettur 8 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Skipholt 62 | 1932 | Já |
| 230-58 | Helgadalur, Kringlumýrablettur 7 | Íbúðarhús | Heimild | Ómetið | Háleitisbraut 1 | 1928 | Já |

2.3.3 Herminjar í borgarhluta 3

Herminjar eru langstærsti minjaflokkurinn í borgarhluta 3. Þær er helst að finna í Öskjuhlíð, við Reykjavíkurlugvöll og Nauthólsvík. Í flokki herminjar eru 82 minjastaðir skráðir, sjá töflu 5. Stór hluti minjanna er horfinn með öllu af þessu svæði og er þá helst að nefna fjöldann allan af herskálum eða bröggum sem tilheyrðu starfsemi hersins. Innan flugvallargirðingar eru mannvirki eins og Gamli flugturninn, flugskýli og hluti af flugbrautum og stæðum sem eru frá tíma setuliðsins,¹⁶³ en þær minjar eru ekki innan afmörkunar þessa borgarhluta.

Tafla 5. Herminjar frá 1940 og yngri – Borgarhluti 3, Hlíðar.


| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Ástand | Gata/nr. | Aldur | Horfin |
|-------|---|--------------------------|-------------|----------|--------------------|-----------|--------|
| 5-161 | | Grjóthleðsla | Hleðsla | Gott | Flugvallarvegur | 1941 | Nei |
| 5-162 | | Náma | Náma | Vonlaust | Flugvallarvegur | 1941 | Nei |
| 5-163 | | Eldsneytisgeymir, gryfja | Gryfja | Gott | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-164 | | Skotgröf | Skotgröf | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-165 | | Skotgröf | Skotgröf | Sæmilegt | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-166 | | Jarðhús | Jarðhýsi | Ómetið | Flugvallarvegur | 1941 | Nei |
| 5-167 | Neyðarstjórnstöð | Stjórnstöð | Byrgi | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-168 | | Skotbyrgi | Skotbyrgi | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-169 | | Skotbyrgi | Skotbyrgi | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-170 | | Vatnsgeymir | Vatnsgeymir | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-171 | | Vatnsgeymir | Heimild | Ómetið | Flugvallarvegur | 1941-2006 | Já |
| 5-172 | | Veggur | Varnaveggur | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-173 | Dælustöð | Dæluhús | Grunnur | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-174 | Vararafstöð | Rafstöð | Grunnur | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-175 | Birgðaskemmur | Birgðaskemmur | 4 Herskálar | Ómetið | Flugvallarvegur 1 | 1941 | Nei |
| 5-176 | Flugvallarvegur 7 | Trésmíðaverkstæði | Herskáli | Gott | Flugvallarvegur 7A | 1942 | Nei |
| 5-177 | | Verkstæði | Heimild | Ómetið | Flugvallarvegur | 1944-1984 | Já |
| 5-178 | | Skotfærageymsla | heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941 | Já |
| 5-179 | | Vatnsgeymir | Vatnsgeymir | Gott | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-180 | | Stígur | Stígur | Gott | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-181 | Dúfnahús | Braggi | Grunnur | Sæmilegt | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-182 | Camp Kwitcherbelliakín; Camp Maple Leaf | Herbúðir | Grunnar | Slæmt | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-184 | Vatnstankur | Vatnsgeymir | Heimild | Ómetið | Flugvallarvegur | 1941 | Já |
| 5-186 | | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941 | Já |

¹⁶³ Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, bls. 40-44.

| | | | | | | | |
|---------|---|-------------------|-------------|----------|----------------------|-----------|-----|
| 5-187 | Camp Anacostia | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Skógarhlíð 14 | Já | Já |
| 5-188 | | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1944-1965 | Já |
| 5-189 | | Sprengigeymsla | Grunnur | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-190 | | Rúst | Tóft | Ómetið | Öskjuhlíð | 1940 | Nei |
| 5-194 | Camp Hilton | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Miklubraut | 1940 | Já |
| 5-195 | Camp Farm | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Skógarhlíð 10 | 1940 | Já |
| 5-197 | Rockfort Camp | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1942 | Já |
| 5-196 | Howitzer Hill / ~Fallbyssuhæð | Örnefi | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-198 | Camp Melrose | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Skógarhlíð 22 | 1940 | Já |
| 5-199 | Camp Liberty áður Craven | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Hörgshlíð 10 | 1940 | Já |
| 5-200 | | Rafstöð | Grunnur | Sæmilegt | Öskjuhlíð | 1940-1940 | Nei |
| 5-216 | | Skotbyrgi | Skotbyrgi | Ómetið | Veðurstofuvegur | 1940 | Nei |
| 5-217 | | Skotbyrgi | Skotbyrgi | Ómetið | Veðurstofuvegur | 1940 | Nei |
| | | | | | | | |
| 5-244 | | Jarðhús, byrgi | Tóft | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-245 | | Tóft | Tóft | Gott | Öskjuhlíð | 1944 | Nei |
| 5-246 | | Tóft | Heimild | Ómetið | Fossvogskirkjugarður | 1944 | Já |
| 5-383 | Háteigskampur/ Camp Sheerwood | Braggi | Heimild | Ómetið | Flókagata | 1940 | Já |
| 5-384 | Camp Tower Hill | Braggi | Heimild | Ómetið | Háteigsvegur | 1940 | Já |
| 5-385 | Camp Cook/Marine Camp/Fleet Air Base (F.A.B.I.) East Camp | Braggi | Heimild | Ómetið | Suðurhlíð | 1940 | Já |
| 5-386 | Bytown Camp | Braggi | Heimild | Ómetið | Veðurstofuvegur | 1940 | Já |
| 5-387 | Bunker Hill Camp | Braggi | Heimild | Ómetið | Bústaðavegur | 1940 | Já |
| 5-390 | | Bensíntankur | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Já |
| 5-391 | | Rafstöð | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Já |
| 5-392 | | Eldsneytisgeymir | Steinþró | Gott | Öskjuhlíð | 1941 | Nei |
| 5-393 | | Eldsneytisleiðsla | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1941 | Já |
| 5-406 | Geymslubraggar | Braggi | Heimild | Ómetið | Flugvallarvegur | 1944-1995 | Já |
| 5-406 | | Braggi | Braggagólf | Gott | Flugvallarvegur | 1944-1995 | Nei |
| 5-407 | Flugvallarvegur 5 | Braggi | Hús | Gott | Flugvallarvegur | 1942 | Nei |
| 5-408 | Bílageymsla | Braggi | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1944 | Já |
| 5-409 | Geymsluskáli | Braggi | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1944 | Já |
| 7-61 | Camp Herold | Braggi | Heimild | Ómetið | Grettisgata 92 | 1940 | Já |
| 7-62 | Storey's Gate | Braggi | Heimild | Ómetið | Snorrabraut 31 | 1940 | Já |
| 9-23 | Camp Vulcan | Braggi | Heimild | Ómetið | Ásholt 14 | 1940 | Já |
| 9-24 | Camp Hounslow | Braggi | Heimild | Ómetið | Laugavegur 164 | 1940 | Já |
| 220-114 | | Herminjar | Tóft | Gott | Nauthólsvegur | 1941 | Nei |
| 220-118 | | Vatnstankur | Vatnsgeymir | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941-2006 | Já |
| 220-119 | | Vatnstankur | Heimild | Ómetið | Menntavegur | 1941-2006 | Já |
| 220-120 | | Sjúkraskýli | Heimild | Ómetið | Menntavegur | 1941-2006 | Já |
| 220-121 | | Líkhús | Heimild | Ómetið | Menntavegur | 1941-2006 | Já |
| 220-123 | | Skósmíðaverkstæði | Braggi | Gott | Nauthólsvegur | 1944 | Nei |
| 220-124 | Transit Camp, Flugvallahótel | Herbúðir | Braggi, Hús | Sæmilegt | Nauthólsvegur | 1944-1945 | Nei |
| 220-126 | Corberr Camp | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941-71 | Já |

| | | | | | | | |
|---------|-----------------------------------|--------------------------|------------|----------|------------------|------|-----|
| 220-127 | | Bryggja | Bryggja | Sæmilegt | Nauthólsvegur | 1941 | Nei |
| 220-128 | Northrop- brautin | Bryggja | Bryggja | Sæmilegt | Nauthólsvegur | 1941 | Nei |
| 220-130 | Kampur v/Nauthólsveg | Herbúðir | Grunnar | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941 | Nei |
| 220-131 | Station Headquarters | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1942 | Já |
| 220-142 | | Verkstæði | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1940 | Já |
| 220-144 | | Kvikmyndahús Matsalur | Braggagólf | Ómetið | Nauthólsvegur | 1941 | Nei |
| 220-145 | | Félagsheimili Verslun | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1940 | Já |
| 220-146 | | Æfingarsvæði | Heimild | Ómetið | Nauthólsvegur | 1940 | Já |
| 220-166 | | Vegur | Vegur | Gott | Öskjuhlíð | 1940 | Nei |
| 220-168 | | Skambbyssugeymsla | Heimild | Ómetið | Öskjuhlíð | 1943 | Já |
| 230-101 | Camp Fossvogur/Camp Cook South | Herbúðir | Heimild | Ómetið | Kringlumýrabraut | 1940 | Já |

Enn má sjá steipt braggagólf og önnur mannvirki frá tíma setuliðsins á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þau er helst að finna í Öskjuhlíðinni. Stærstar eru leifar mannvirkja sem byggð voru í kringum eldsneytisgeymslur, svo sem fjórir stórir járngeymar sem voru staðsettir í berggryfjum (**5-163**), sjá mynd 39. Til þess að þeir væru ekki eins sýnilegir úr lofti, voru þeir huldur með netum.



Mynd 38. Herminjar í vestanverðri Öskjuhlíð. Bláir punktar eru herminjar en rauðir punktar fornleifar.¹⁶⁴

Aðrir þrír eldsneytistankar (**5-392**) voru aðeins sunnar í hlíðinni. Búið er að fjarlægja sjálfa járngeymana en eftir eru háir og miklir varnarveggir byggðir úr tilhöggnu grágrýti (**5-172**), sjá mynd 40. Þessir veggir áttu að koma í veg fyrir að eldsneytið dreifðist niður hlíðina

¹⁶⁴ Loftljósmynd af Öskjuhlíð frá árinu 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.

ef til árásar kæmi og eru þetta töluverð og vönduð mannvirki. Neðan við þessa veggj voru síðan mannvirki sem hýstu dælur og búnað til að dreifa eldsneyti á flugvallarsvæðinu (5-174, 5-200, 5-392, 5-393).



Mynd 39. Horft í vestur eftir gryfjunum sem hýstu eldsneytistankana (5-163).¹⁶⁵



Mynd 40. Varnarveggir úr tilhöggnu grágrýti (5-172).¹⁶⁶

¹⁶⁵ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

¹⁶⁶ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

Varnarmannviki voru í Howitzer Hill (5-169) sem þýða mætti sem „Fallbyssuhæð“ en Howitzer er ákveðin tegund af fallbyssum. Fallbyssuhæð var í brekkunni austur af Keiluhöllinni og er þar að finna tvö skotbyrgi (5-168 og 5-169) auk neyðarstjórnstöðvar (5-167). Skotgröf (5-164) er síðan að finna vestan við stóru gryfjuna (5-163).



Mynd 41. Dyraop niður í neyðarstjórnstöð (5-167) og skotbyrgi (5-168).¹⁶⁷



Mynd 42. Skotgröf (5-164) í Öskjuhlíð.¹⁶⁸


¹⁶⁷ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

¹⁶⁸ Öskjuhlíð 2005. Minjasafn Reykjavíkur. Ljósmynd. ALG.

Í efri grjótnámunni (**5-162**) í vestanverðri Öskjuhlíðinni var unnið grjót sem nýtt var sem burðarefni í flugvöllinn. Inni í þeirri hvilft er Keiluhöllin í dag (2013).

Það svæði sem þessar minjar standa á er allt skógi vaxið og eru margar minjar að hverfa inn í skóginn, svo sem skotæfingarsvæði (**5-180**), sem er hellulagður hálfhringur, og undirstöður tveggja skotturna.

Braggar eru nánast horfnir með öllu á Reykjavíkursvæðinu. Enn standa þó sex braggar við Flugvallarveg (**5-175**, **5-176** og **5-407**), en braggar voru áður meðfram allri vesturhlíð Öskjuhlíðar, sjá myndir 38 og 43. Hluti af Transit Camp (**220-124**) stendur enn við Nauthólsvík auk tveggja bragga við Nauthól (**220-123**), sjá myndir 45 og 46.




Mynd 43. Loftmynd frá 1954 sem sýnir braggabyrpingar við Flugvallarveg (**5-175**, **5-176**, **5-406** og **5-407**).¹⁶⁹



Mynd 44. Loftmynd frá 2013 sem sýnir bragga við Flugvallarveg. Bláir punktar eru herminjar.¹⁷⁰

¹⁶⁹ Loftmynd frá 1954 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.

¹⁷⁰ Loftmynd frá 2013 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.



Mynd 45. Loftmynd frá 1954 sem sýnir braggabyrpingar við Nauthólsvík. Bláir punktar eru herminjar, rauðir fornleifar.¹⁷¹



Mynd 46. Loftmynd frá 2013 sem sýnir braggabyggðina við Nauthólsvík. Aðeins hluti af Transit Camp er uppistandandi (220-124), auk tveggja bragga við Nauthól (220-123).¹⁷²

¹⁷¹ Loftmynd 1954 úr Landsupplýsingarkerfi Reykjavíkur.

¹⁷² Loftmynd 2013 úr Landsupplýsingarkerfi Reykjavíkur.

2.3.4. Varðveislumat fornleifa og yngri minja

Á rannsóknarsvæðinu innan borgarhluta 3 eru 30 skráðar fornleifar en þar af eru 16 sýnilegar á yfirborði, sjá töflu 2. Flestar eru fornleifarnar í Öskjuhlíð og við Nauthól. Í Öskjuhlíð er helst að nefna Víkursel og yngri minjar frá bændasamfélaginu, auk minja við Nauthól. Allar þessar minjar ber að varðveita.

Yngri minjar, svo sem minjar frá tíma erfðafestubýla sem voru allsráðandi á svæðinu frá síðari hluta 19. aldar til 1930, eru að mestu horfnar. Fimm hús eru ágætir fulltrúar þessa tímabils en það eru Eskihlíð, Þóroddsstaðir, Hlíðarendi, Háteigur og Efrihlíð.

Herminjar eru stærsti minjaflokkurinn í borgarhluta 3. Skráðir minjastaðir í þessum flokki eru þar 84 talsins. Þar af eru á 38 stöðum sýnileg mannvirki eða hlutar mannvirkja. Allir þessir staðir eru í Öskjuhlíð eða í nágrenni við Reykjavíkurflugvöll og tengjast gerð og rekstri flugvallar á tíma setuliðsins. Einu braggarnir á svæðinu eru við Flugvallarveg og Nauthólsvík. Það eru einu braggarnir í Reykjavík sem eru á sínum upprunalega stað. Mikilvægt er að vernda allar herminjar í Öskjuhlíð og við Nauthólsvík þar sem þær eru einstakar fyrir Reykjavík en ekkert svæði státar af svipuðum minjum frá þessu tímabili.

Stór hluti minja í Öskjuhlíð er hulinn gróðri. Æskilegt er að fjarlægja allar trjáplöntur af minjastöðunum og í næsta nágrenni, þannig að minjastaðirnir fái betur notið sín.

2.4 Borgarhluti 3 – Hlíðar – Hverfisskráning og varðveislumat hverfishluta

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir á fjórir þættir: *Listrænt gildi, menningar-sögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst er við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Einnig er stuðst við endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem er hluti af borgarverndarstefnu sem lögð hefur verið fram sem hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, og er nú í skipulagsferli (2013).

Varðveisluflokkarnir eru:

BLÁR FLOKKUR: *Friðlýst hús og mannvirki.*

Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“¹⁷³

Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár. Hús sem friðuð voru samkvæmt eldri lögum teljast nú friðlýst.

FJÓLUBLÁR FLOKKUR: *Friðuð hús.*

Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

Gildir nú um hús byggð 1913 eða fyrr samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Fyrirvari er gerður um að þar sem ekki hafa verið gerðar húsakannanir á öllu svæðinu getur verið ósamræmi milli fasteignaskrár og húsaskrár Reykjavíkur. Komi upp vafamál ber að hafa samband við Minjasafn Reykjavíkur á netfangið minjasafn@reykjavik.is

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.¹⁷⁴

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.¹⁷⁵

¹⁷³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

¹⁷⁴ Áður flokkar: **grænn** – verndun 20. aldar bygginga, **rauður** – tillaga að friðun og **dökkgulur** – verndun götumynda, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

¹⁷⁵ Áður flokkar: **ljósgulur** – byggðamynstur og **milligulur** – verndun svæða, sjá *Húsvernd í Reykjavík*, þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Hverfisvernd byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr.123/22. september. Þar segir:
„*Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja*“.¹⁷⁶

Til umfjöllunar er borgarhluti 4, Laugardalur, sem markast til vesturs af línu sem dregin er eftir miðri Snorrabraut og til austurs af Elliðaám. Í suður markast borgarhlutinn af línu sem dregin er um eftirtaldar götur en miða skal við miðju þeirra: Hverfisgata, Laugavegur, Suðurlandsbraut, Grensásvegur og Miklabraut. Í norður markast borgarhlutinn af sjó.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

Varðveislumat húsa og mannvirkja í borgarhluta 3:

BLÁR FLOKKUR: Friðlýst hús og mannvirki.

Eskihlíð 2-4 – Eskihlíð. Reist 1892. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

Hamrahlíð 10 – Menntaskólinn við Hamrahlíð. Reist 1964-1970. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt.

Háteigsvegur 35 – Sjómannaskólinn/Fjöltækniskóli Íslands. Reist 1942-1945. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar. Síðasta stórvirki steinsteypuklassíkur á Íslandi.

RAUÐUR FLOKKUR: Einstök hús, húsaðir og götumyndir.

Barmahlíð 10-24 – Reist 1945-1947. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson fyrir Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur. Húsin voru upphaflega eins að formi, efnisvali og klæðningu. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á húsunum, t.d. hefur verið málað yfir steininguna á húsum nr. 10-16 en húsin mynda enn heillega götumynd.

Bólstaðarhlíð 20 – Ísaksskóli. Reist 1954. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar.

Blönduhlíð 12 – Reist 1951. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.

Drápuhlíð 27-41 – Reist 1949-1950. Hönnuður Aðalsteinn Richter fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana. Haldið hefur verið í upprunalegt útlit húsanna og mynda þau því samræmda heildarmynd við götu.

Eskihlíð 17 – Reist 1954. Hönnuðir Þór Sandholt og Ágúst Pálsson arkitektar. Leikskóli.

Flókagata 24 – Kjarvalsstaðir. Reist 1968-1973. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt. Merk opinber bygging. Ein af fyrstu byggingum hérlendis sem hönnuð er sérstaklega fyrir listasafn.

Fossvogskirkja – vígð árið 1948. Hönnuðir hennar eru arkitektarnir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson. Fossvogskirkja er eina kirkjan sem einungis gegnir hlutverki útfararkirkju í Reykjavík. Hún er í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Grettisgata 90-98 – Reist 1949-1952. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson.

Hamrahlíð 13 – Reist 1953. Hönnuður Hörður Bjarnason arkitekt.

Háteigsvegur 36 – Háteigur. Reist 1921. Hönnuður ókunnur. Erfðafestubýli.

¹⁷⁶ Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Háteigsvegur 43 – Vatnsgeymar. Eldri geymirinn reistur árið 1915 en sá yngri árið 1930. Tengist sögu vatnsveitu og brunavarna í Reykjavík.

